

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/611
komudagur 28/12 1995

Alþingi
Allsherjarnefnd
b/t Sólveigar Pétursdóttur,
formanns Allsherjarnefndar

Reykjavík, 22. desember 1995

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn

1. Almennt

Mannanafnanefnd, sem starfar skv. lögum um mannanöfn nr. 37/1991, hefur fyrir nokkru borist erindi frá háttvirtri Allsherjarnefnd Alþingis, þar sem beðið er um umsögn nefndarinnar um frumvarp það til laga um mannanöfn, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Af óviðráðanlegum ástæðum er nefndinni ógerlegt að leggja fram samræmda og samhljóða umsögn um frumvarpið, en að ráði hefur orðið að tveir nefndarmenn, háskólakennararnir Erlendur Jónsson og Páll Sigurðsson, sendi háttvirtri Allsherjarnefnd athugasemdir sínar um frumvarpið.

2. Kjarni máls

Í eftirfarandi umsögn okkar um frumvarpið, sbr. og athugasemdir í fylgiskjali nr. 1, komumst við að þeim niðurstöðum sem hér segir:

*Við teljum, að ekki sé brýn þörf nú á gagngerri endurskoðun gildandi laga um mannanöfn.

*Við álítum, að ákvæði 5. gr. frumvarpsins leyfi ýmis eiginnöfn, sem meirihluti almennings í landinu myndi tæpast samþykkja.

*Jafnframt eru í frumvarpinu ákvæði, er ekki samrýmast markmiði frumvarpsins um jafnræði borgaranna, þannig að alls ekki

er ljóst, að meiri friður yrði um löggjöf um mannanöfn en nú er þegar, yrði frumvarpið að lögum.

*Hugmynd höfunda frumvarpsins um svokölluð millinöfn er andstæð íslenskum nafnasiðum og innleiðir nafnaflokk, sem er hugtakalega ótækur. Jafnframt mun notkun millinafna undirbúa jarðveginn undir og hvetja til frekari innleiðslu ættarnafna hér á landi.

3. Nánari árétting

Við undirritaðir eigum sæti í Mannanafnanefnd - og höfum átt í nokkur ár. Teljum við okkur hafa öðlast allgóða þekkingu og reynslu á því mannlífs- og réttarsviði, sem löggjöf um mannanöfn tekur til. Við höfum kynnt okkur vandlega umrætt frumvarp og myndað okkur skoðanir um efni þess eftir bestu samvisku. Munum við setja fram nokkur höfuðartíði, er varða afstöðu okkar, í eftirfarandi máli. Þó skal tekið fram, að við höfum eigi tók á því, að svo búnu máli, að fjalla nákvæmlega um alla þætti frumvarpsins, þ.e. um öll þau ákvæði þess, sem einkum skipta máli og umræðuverð eru, heldur munum við einvörðungu greina frá nokkrum þeim höfuðþáttum athugana okkar, sem ráða niðurstöðu okkar um það, hvort frumvarp þetta eigi rétt á sér í núverandi mynd.

Meginniðurstaða okkar er sú, að 1) alls ekki sé, nú sem stendur, brýn þörf fyrir heildarendurskoðun nógildandi laga um mannanöfn og að 2) mjög óráðlegt sé, hvað sem öðru líður, að lögtaka frumvarpið í þeim búningi, sem það hefur nú. Verði þó talið æskilegt að framkvæma heildarendurskoðun laganna nú á næstunni teljum við rétt, að núverandi frumvarp verði alls eigi látið ná fram að ganga, heldur vísi hið háa Alþingi því til ríkisstjórnarinnar til nánari úrvinnslu og endurskoðunar. Byggjum við hið síðarnefnda viðhorf okkar á því, að svo veigamiklir ágallar séu á sumum þeim stefnumiðum, sem frumvarpið er reist á, að afleiðingar lögtöku frumvarpsins í núverandi gerð þess myndu leiða til hnekkis og skaða fyrir íslenska menningu, þótt slíkt hafi að sjálfsögðu alls eigi vakað fyrir höfundum frumvarpsins. Gerð frumvarpsins leyfir það hins vegar eigi, að einvörðungu séu sniðnir af því þeir meginannmarkar, sem við teljum að einkenni

það og munum brátt víkja að, heldur verður, að okkar mati, að endurskoða það frá grunni.

4. Frekari athugasemdir

a. Eftir veru okkar og starf í Mannanafnanefnd þekkjum við engar þær röksemdir, sem hafi sannfært okkur um, að núgildandi lög um mannanöfn þarfnist nú neinnar allsherjarendurskoðunar, hvað þá svo brýnnar og gagngerrar sem sumir láta í veðri vaka. Hér er um mjög nýleg lög að ræða, er hlutu allvandaðan undirbúning, innan þings sem utan þess. Valinkunnir lardómsmenn sátu í nefnd þeirri, er samdi frumvarpið og leystu þeir viðfangsefni sitt eins vel af höndum og frekast mátt búast við miðað við það hvað verkefnið var viðkvæmt og vandmeðfarið. Var leitast við að ná fram lausnum, sem viðunandi mattu teljast frá sjónarhóli einstaklinga jafnt sem samfélagsins alls, og staðfesti löggjafinn síðan niðurstöður nefndarinnar í höfuðdráttum.

Í fyrstu varð að vísu nokkur ókyrrð um framkvæmd laganna, af ýmsum ástæðum, sem hér skulu ekki tíundaðar, en þær öldur lagði bráðlega og árum saman hefur nú ríkt góður friður um lög þessi. Umboðsmaður Alþingis hefur að vísu fengið til meðferðar kvartanir einstaklinga vegna úrskurða Mannanafnanefndar - sem vitanlega er ekki óeðlilegt, þar sem um jafnmikið tilfinningamál er að ræða og nafngiftir ungbarna - en hann hefur aldrei séð ástæðu til þess að láta uppi neikvæð ummæli um úrskurði nefndarinnar eða vinnubrögð hennar. Löggin hafa reynst mjög vel framkvæmanleg, eftir að núverandi Mannanafnanefnd setti sér skýrar og formlegar vinnulagsreglur í upphafi starfs síns, í kjölfar sérstakra viðræðna við umboðsmann Alþingis. Gott samband er milli nefndarinnar og Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, er fer með yfirumsjón með framkvæmd laganna, góð hafa samskipti nefndarinnar verið við Hagstofu Íslands-Þjóðskrá, sem einnig fer með mikilvægt framkvæmdarstarf skv. mannanafnalögunum, og einstaklega gott og ánægjulegt samstarf hefur verið milli nefndarmanna innbyrðis. Hafa allar beiðnir um nafngiftir, undantekningarlaust, hlotið greiða og skjóta afgreiðslu undir röggsamri forystu formanns nefndarinnar, dr. Halldórs Ármanns Sigurðssonar prófessors. Í fjölmiðlum hafa að vísu heyrst örfáar

Óánægjuraddir varðandi tiltekna úrskurði nefndarinnar, en sjónarmið þeirra kvartenda hafa þó nær einvörðungu byggst á misskilningi um efni og eðli mannanafnalaganna og á starfsgrundvelli nefndar þeirrar, sem á að framfylgja þeim. Má af augljósum ástæðum alltaf vanta einhverrar óánægju meðal einstakra manna, sem verða að þola höfnun á beiðnum um nafngiftir, meðan löggjafinn sér á annað borð ástæðu til þess að leggja einhverjar hömlur á frelsi manna í þeim efnum. Verður með engu móti litið á slíkt sem þjóðfélagslegt vandamál, sem krefjist skjótra úrbóta.

Því fer fjarri að meðal almennings í landinu hafi myndast hinn minnsti vísir að samstöðu um að knýja á um breytingar á núgildandi mannanafnalögum, né heldur hefur þrýstingur í þá átt frá einstaklingum verið umtalsverður. Getum við fullýrt þetta sem nefndarmenn í Mannanafnanefnd.

Enginn vafi er á því, að mikill meiri hluti Íslendinga vill hafa í heiðri hefðbundnar venjur um nafngiftir - byggja á fornum og traustum grunni - og telur æskilegt að hinar hefðhelguðu reglur séu lögbundnar í megindráttum. Endurspegladist sá menningarlegi þjóðarvilji greinilega í afstöðu alþingismanna, þegar sett voru lög þau um mannanöfn, er nú gilda. Þau lög stuðla að varðveislu mikilvægrar menningararfleifðar, sem er þjóðinni dýrmæt, þótt óhjákvæmilegt hafi einnig reynst, við undirbúning að setningu laganna, að lögfesta framkvæmd á afmörkuðum sviðum, sem verður að teljast umdeilanleg. Það var þó bersýnilega gert til þess að komast hjá því að valda sárindum og óróa meðal ýmissa mætra þjóðfélagsþegna.

b. Þrátt fyrir það, sem hér var sagt um núgildandi mannanafnalög, viljum við ekki fullyrða að þau séu gallalaus með öllu, frekar en önnur löggjöf á ýmsum mikilvægum sviðum. Nokkrir þættir þeirra virðast þarfnast rólegrar og öfgalausrar endurskoðunar á næstu árum, þar sem menningarleg viðhorf verði höfð að leiðarljósi.

Skoðunum okkar, er fram koma í þessari umsögn, til viðbótar og frekari skýringar viljum við vísa til athugasemda þeirra, eftir annan okkar, Erlend Jónsson, er fylgja bréfi þessu sem fylgirit nr. 1. Tekur Páll Sigurðsson að öllu leyti undir þar.

Er efni athugasemdana með þeim óbeina hætti felld inn í þessa umsögn okkar um frumvarp til laga um mannanöfn.

Um ítarlegar athugasemdir annars okkar, Páls Sigurðssonar, varðandi fjölmörg atriði, er snerta sögu og framkvæmd löggjafar og síða á nafngiftasviði, leyfum við okkur að vísa til ritgerðar hans: "Nöfn og nafnaréttur - Hugleiðingar um nafngiftir fyrr og nú í tilefni af mannanafnalögunum nýju", er birtist í bók hans "Lagaþættir III" (Rvík 1994), bls. 391-423. Fylgir ljósrit af þeirri ritgerð bréfi þessu sem fylgirit nr. 2 Má ljóst vera, að afstaða Páls til frumvarps þess, er nú liggur fyrir hinu háa Alþingi, byggist í megindráttum, og þegar á heildina er litið, á þeim viðhorfum hans til mannanafnalöggjafar, er skýrlega birtast í nefndri ritgerð, en Erlendur Jónsson gerir að sínu leyti og í þessu samhengi ekki fyrirvara við neitt það, er fram kemur í nefndri ritgerð.

c. Að þessu sinni viljum við láta nægja að benda á tvö meginatriði frumvarpsins, sem hvort um sig (og þess þá heldur bæði saman) er þess eðlis að skaði yrði að fyrir íslenska menningu ef frumvarpið yrði lögtekið:

*Viljum við þá fyrst nefna ákvæði 5. gr. frumvarpsins, um eiginnöfn, að því marki sem þar er vikið frá ákvæðum núgildandi mannanafnalaga þar að lútandi, er byggjast á hefðhelguðum meginreglum og venjum um íslenskar nafngiftir fyrr og síðar (og sem Mannanafnanefnd hefur síðan sett sér skýrar og lítt-umdeildar vinnulagsreglur um). Í frumvarpinu er m.a. lagt til, að "ýmsar merkingarlausar stafarunur verði heimilir nafnstofnar ... 'Nöfn' eins og Skjarpur og Skunnar verða því heimil, rétt eins og Garpur og Gunnar", eins og höfundar framvarpsdraganna segja í skýringaraugnumiði. Þá bata þeir einnig við, til frekari fróðleiks, skýringar og réttlætningar, að gælunöfn eins og Frissi, Bíbí og Gudda verði nú jafnframt heimil, ef frumvarp þeirra verði að lögum! Lærdómur höfunda frumvarpsins verður að sjálfsögðu alls ekki dreginn í efa og eigi heldur góður vilji þeirra - en sjálf niðurstaðan, sem virðist stjórnað af yfirlýstri "frelsisást" höfundanna, er vægast sagt umdeilanleg.

Hér er, að okkar mati, gengið alltof langt til móts við ímyndaðar þarfir þjóðarinnar um "aukið frelsi" á sviði nafngifta. Enginn þjóðarbrestur verður þótt hafnað verði, sem fyrr, beiðnum um að fá að gefa varnarlausum ungbörnum ónefnin Skunnar og Gudda - eða jafnvel Skjarpur - (svo einungis séu tínd til 'nöfn' úr orðabúri höfunda frumvarpsins), heldur myndi heimild til þessa (sem reynslan sýnir að ýmsir myndu notfæra sér) smám saman spilla gróflega mannanafnaforða íslenskrar tungu. Meðan ekki finnst haldbar aðferð til þess að heimila varkára auðgun tungunnar með nýjum og skynsamlegum mannanöfnum, umfram það sem núverandi lög ásamt máttugum yngilindum tungunnar sjálfrar leyfa, er með vissu betra að hreyfa alls ekki laganýmæli sem þessu.


**Hitt atriðið, sem við viljum nefna hér, eru hugdettur höfunda frumvarpsins um að lögheimila svokölluð millinöfn, sbr. III. kafla þess. Í sem skemmstu máli sagt er hér í reynd verið að stinga upp á nýjum flokki ættarnafna, til viðbótar þeim ættarnöfnum, sem nú eru lögleyfð. Um afstöðu annars okkar, Páls Sigurðssonar, til ættarnafna íslenskra manna, almennt, vísast til fyrrnefndrar og meðfylgjandi ritgerðar á fylgiskjali nr. 2, þar sem vikið er að þeim í allítarlegu máli, en af þeirri afstöðu hans, sem þar birtist, leiðir, að hann telur síst af öllu ástæðu til þess að stuðla að aukinni notkun ættarnafna (þ.m.t. í formi millinafna), þótt náðst hafi nokkur samstaða um notkun núverandi ættarnafna. Tekur Erlendur Jónsson undir þá skoðun í meginráttum. Millinöfnin, sem á nú að leyfa skv. III. kafla frumvarpsins, bera alla ókosti ættarnafna og eru auk þess í fullkomnu ósamræmi við gróna íslenska nafnahefð, eins og henni er nánar lýst í nefndri ritgerð. Reynir þá m.a. á það, hvert sé gildi þeirrar menningarhefðar, er að nafngiftum lýtur.

5. Lokaorð

Íslensk menning er hvort tveggja í senn forsenda og meginþáttur þjóðlegrar reisnar, andlegs þroska almennings, sjálfstæðis þjóðarinnar og framfara hennar.

Hugtakið "íslensk menning" er vafalaust margrætt og vandmeðfarið en þó hyggjum við, að flestir ef ekki allir hugsandi og fulltíða menn geti verið sammála um, að íslensk tunga sé gildur þáttur þeirrar menningar, sem þorandi er að kenna við land elds og ísa. Mannanafnaforði okkar Íslendinga er tvímælalaust merkur þáttur tungu okkar og þá um leið þjóðlegrar menningar. Sé vegið að tungunni, svo sem leiða myndi af lögtöku þeirra ákvæða, sem vikið var að í c. hér að framan, er því um leið vegið að menningunni. Kynni þá einhver að segja, að þar væri reyndar fremur smátt höggvið og ætti menningin að þola allnokkur slög af því tagi áður en stofnar riði til falls eða hlekkir bresti. Má vera að þetta mætti - með nægri góðgirni og umburðarlyndi - til sennilegs vegar fara, en varlegra er þó að höggva eigi. Skyldu menn þá minnast þess, að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar.

Virðingarfyllst



Dr. Erlendur Jónsson dósent
nefndarmaður í Mannanafnanefnd



Dr. Páll Sigurðsson prófessor
nefndarmaður í Mannanafnanefnd

Athugasemdir við frumvarp til laga um mannanöfn

1. Almennt um anda og stefnu frumvarpsins.

Afstaða manna til íslenskrar löggjafar um mannanöfn er fyrst og fremst háð afstöðu þeirra til íslenskrar menningarstefnu. Allir eru sammála um, að séríslensk menning sé til og þess virði að varðveita hana. Segja má, að sú skoðun sé einmitt hluti íslenskrar menningar, að hún sé eitthvað sérstakt sem hafi gildi og beri að varðveita. Mennt greinir hins vegar á um, að hvaða marki eigi að varðveita hana og í hvaða mynd, og hvernig eigi að standa að varðveislu hennar.

Hér vaknar þrjár mikilvægar spurningar um nöfn manna og löggjöf þar að lútandi: Er mannanafnaförði Íslendinga mikilvægur hluti íslenskrar menningar? Á að stefna að því að varðveita þennan forða? Ef svarið við þeirri spurningu er já, þá hvernig á að stefna að því?

Flestir, þar með taldir höfundar frumvarpsins, eru sammála um, að svarið við fyrstu spurningunni er: Já, mannanöfn eru mikilvægur þáttur, ekki aðeins í íslenskri menningu, heldur menningu þjóða yfirleitt. „Stíllinn“ á mannanöfnum er einmitt eitt af því, sem er mest einkennandi fyrir þjóð. Ef maður heitir t.d. „Jensen“, eru yfirgnæfandi líkur á því að hann sé Dani eða af dönskum ættum. Þetta gildir kannski fyrst og fremst um ættarnöfn hjá öðrum þjóðum, en einnig í nokkrum mæli um eiginnöfn.

Hjá okkur hafa hins vegar *eiginnöfn enn meira menningarlegt vægi* en hjá öðrum þjóðum, vegna þeirrar hefðar okkar, að kenna menn fyrst og fremst við föður eða móður fremur en ættir. Maður eða kona heitir hjá okkur fyrst og fremst Kristján eða Guðrún, og er kennd við föður sinn eða móður sem Magnússon eða Guðmundsdóttir. Hjá Dönnum heitir hann eða hún hins vegar fyrst og fremst Andersen eða Kjærgaard, en er Jens, Kirsten eða Mette af þeirri ætt. Ef við viljum varðveita séreinkenni menningar okkar, er því enn mikilvægara hjá okkur en öðrum að varðveita einmitt *eiginnöfnin* (ásamt kenninafnasið okkar).

Höfundar frumvarpsins eru einnig þeirrar skoðunar, að varðveita beri núverandi mannanafnaförða Íslendinga, sbr. bls. 9 í greinargerð með frumvarpinu. Þeir telja hins vegar, að „farsælla sé að vinna að því markmiði með fræðslu og áróðri en með lögboði“.

Því verður vart neitað, að bæði tungumál og sú menning, er því tengist, er í sífelldri þróun, sem erfitt er og jafnvel óæskilegt að sporna við með stjórnvaldsaðgerðum. Það er eðli menningar að aðlaga sig breyttum aðstæðum hverju sinni og ef reynt er að stöðva slíka aðlögun getur það jafnframt kæft hana og drepit. Íslensk tunga og menning varð upphaflega til við slíka þróun og hefur sífellt orðið fyrir „utanað- komandi“ áhrifum, sem hafa í raun lagt drjúgan skerf til þess að skapa

hana. Erfitt getur verið að draga skýra línu á milli „óæskilegra“ áhrifa af þessu tæi og „æskilegra“. Sá siður, að borða saltkjöt og baunir á sprengidag, er upphaflega „útlenskur“, en þykir nú þjóðlegur og óneitanlega hluti íslenskrar menningar. En hins vegar þykir óíslenskt að nota orð eins og „gerekti“ eða „fortöv“.

Segja má, að menningin og tungan eigi að „gæta sjálfrar sín“, þ.e. ekki sé æskilegt að móta hana með boðum og bönnum. Unnt hefur verið að halda íslensku máli nokkurn veginn „hreinu“ og smekklegu án slíkra boða eða banna, en með áróðri og fræðslu af því tæi sem nefndarmenn hafa í huga. Nefndin er þeirrar skoðunar, að hið sama gildi um manna- nafnaförða okkar og -siði. Hins vegar ber að benda á eftirfarandi atriði varðandi sérstöðu mannanafna í íslenskri menningu nú á tímum:

1. Eiginnöfn hafa meira menningarlegt vægi hjá okkur en öðrum þjóðum, eins og bent var á að framan. Þess vegna er mjög mikilvægt að stemma stigu við örum og verulegum breytingum á mannanafnaförð- anum á stuttum tíma, þótt óhjákvæmilegt sé að leyfa þróun hans og aðlögun að breyttum aðstæðum.

2. Utanaðkomandi áhrif á síðustu áratugum eru miklu meiri og kröftugri en þau voru áður fyrr, bæði fyrir tilstilli fjölmiðla— gervihnattasjónvarps, tölvusamskipta, alnets— og vegna betri og örari samgangna. Slík áhrif „dynja“ á íslenskri menningu á hverjum degi, í æ ríkara mæli.

3. Íslensk menning, eins og menning smáþjóða yfirleitt, er viðkvæm- ari en menning stórþjóða og ber að hlúa að henni af fremsta megni og vera sífellt vakandi fyrir hugsanlegri hnignun hennar sem sjálfstæðrar menningar. Alþjóðamenning er hins vegar í mun örari framsókn nú en fyrr á tímum.

Því vaknar sú spurning, hvort nægilegt sé að stuðla að frjálslyndri varðveislu mannanafnaförðans aðeins með „fræðslu og áróðri“, og hvort ekki þurfi að koma til löggjöf af einhverju tæi. Ef allt í einu eru sett lög í anda frumvarpsins, sem eru mun frjálslegri en þau lög sem hingað til hafa gilt, er hætt við því að almenningur líti á það sem hvatningu frá löggjafanum að taka upp næstum því hvaða nafnskrípi sem er sem eiginnafn. Og þá gæti mannanafnaförðinn breyst mikið og orðið „óíslenskulegur“ á tiltölulega skömmum tíma. Jafnvel þótt hann hafi ef til vill, að mati sumra, þróast eðlilega fram til setningar núgildandi laga um mannanöfn 1991 án umtalsverðs aðhalds frá löggjafanum (þar sem lögum frá 1925 var slælega framfylgt), ber í fyrsta lagi að hafa í huga, að ákvæðin voru þó skráð í lögum, og í öðru lagi að mun öflugri „utanaðkomandi“ áhrif eru virk nú en hafa verið fram til þessa í þá veru að breyta mannanafnaförðanum og gera hann „óíslenskari“. Það er því að mínu mati mjög vafasamt að unnt sé að varðveita þennan forða, jafnvel á tiltölulega frjálslyndan hátt, eingöngu með fræðslu og áróðri.

Einhvers konar aðhald, og það strangara en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, virðist æskilegt.

Núgildandi lög um mannanöfn eru aðeins fjögurra ára gömul, og veita töluvert aðhald, og það að sumra mati jafnvel of strangt. Hins vegar mætti gera þau frjálsegri án róttækrar endurskoðunar af því tæi, er frumvarpið felur í sér. Slíkt heljarstökk sem frumvarpið hefir í för með sér er að mínu mati hættulegt. Hægari þróun er æskilegri.

2. Nokkrar athugasemdir um einstaka þætti frumvarpsins

Í eftirfarandi athugasemdum felst ekki kerfisbundin umfjöllun um alla þætti frumvarpsins, heldur eru aðeins sett fram örfá atriði til frekari umhugsunar og athugunar.

Eiginnöfn

Viðleitni til að bæta við nýjum eiginnöfnum í íslenskt mál, sem mætt hefur andstöðu af hálfu löggjafans, og hefur því eða gæti valdið óánægju meðal borgaranna, má skipta niður í nokkra fremur skýrt skilgreinda flokka (dæmin hér að neðan eru úr lista í Mannanafnaskrá 1994 yfir nöfn, sem Mannanafnanefnd hefur hafnað). Ein flokkun gæti verið eftirfarandi (en einnig væri t.d. hægt að flokka beiðnir eftir ástæðum manna til að biðja um leyfi fyrir þeim):

a) Viðleitni, er rekja má til erlendra nafna og nafnasiða:

i) Að taka upp erlent eiginnafn eða jafnvel gælunafn, sem íslenskt eiginnafn í óbreyttri mynd. Dæmi: Dawn, Ronja, Bella, Evita, Leif, Jean, Preben, Davor, Hoe.

ii) Að taka upp erlent eiginnafn (gælunafn) manna, eða annarra hluta s.s. staðarnafn, sem íslenskt eiginnafn með því að aðlaga það á einhvern hátt að íslensku máli. Dæmi: Tatjana, Manfreð, Júníana, Kassandra, Karín, Georgía, Rín, Aþena, Víbekka, Eddý, Sallý.

iii) Að taka upp erlent ættarnafn, oftast óbreytt, sem íslenskt eiginnafn. Dæmi: Mooney, Söebeck, Garibaldi, Öder, Rist.

iv) Að taka upp erlent orð sem íslenskt eiginnafn. Dæmi (ekki raunveruleg): Providence, Earth.

b) Viðleitni, er rekja má til íslenskra nafna og nafnasiða og/eða íslenskrar tungu og málvenju:

i) Að mynda nýtt eiginnafn með samsetningu úr hefðbundnum orðstofnum og/eða endingum og/eða orðstofnabrotum, tveimur eða fleiri, oftast nafnstofnum (nafnendingum), sem tíðkast hafa í íslensku. Dæmi: Annabella, Þórunnborg, Minney, Villimey.

ii) Að taka upp íslenskt gælunafn sem nýtt eiginnafn. Dæmi: Malli, Maggi, Bína, Ladda, Hallý, Hanný, Giddý.

iii) Að mynda nýja ritmynd með því að rita nafn, sem þegar er til, á nýjan hátt. Dæmi: Austarr, Aleksandra, Gretar.

iv) Að mynda nýja nafnmynd nafns, sem þegar er til, með því að „afbaka“ það á einhvern hátt. Dæmi: Lárentz, Leif, Lís.

v) Að taka upp íslenskt ættarnafn eða ættarnafnskennt nafn sem íslenskt eiginnafn. Dæmi: Ben, Berg, Skagfjörð, Sæberg, Hörgsnes, Mar.

vi) Að mynda nýtt íslenskt eiginnafn á annan hátt, t.d. með einhvers konar hliðstæðu við íslensk orð. Dæmi: Dön, Síka.

Menn getur greint á um það, hvort leyfa eigi nöfn úr ofangreindum flokkum. Þannig gæti vel komið til greina að hafna gælunöfnum, nema þau séu hefðuð, en leyfa mönnum að taka upp erlend eiginnöfn eftir nákomnum ættingjum, aðlöguð að íslensku eða jafnvel í óbreyttri mynd. Semjendur frumvarpsins telja ókleift að útiloka „nöfn“ eins og Skunnar eða Skjarpur án þess að útiloka erlend nöfn eins og Vilma. En hér mætti að mínu mati taka tillit til hefðar nafna í hinu erlenda máli eða til þess, hvort hið erlenda nafn er borið af nánnum ættingjum nafnbeiðanda.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins þurfa eiginnöfn að lúta þremur meginskilyrðum: 1) þau skulu geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku, 2) ekki má gefa konu karlmannsnafn eða öfugt, 3) nafnið má ekki geta orðið nafnbera til ama. Hér er um að ræða töluverða slökun á skilyrðum núgildandi laga, enda er það einn megintilgangur frumvarpsins að „auka frelsi í nafngiftum“.

Það er hins vegar líklegt, að eignarfallsskilyrðið geti orkað tvímælis, en skv. frumvarpinu verður það verkefni Mannanafnanefndar að skera úr um, hvort nafn geti tekið íslenska eignarfallsendingu. En hér er augsýnilega líklegt, að brotið verði á „jafnrétti borgaranna“, sem semjendum frumvarpsins er svo tíðrætt um: af hverju á að leyfa kvenmannsnafnið Giddý, en banna karlmannsnafnið Eddý, aðeins vegna þess að eðlilegt eignarfall af fyrri nafninu er *Giddýjar*, en ekki er til, að mati semjendanna (sbr. bls. 11), eðlilegt eignarfall af Eddý? (Hvað með eignarfallsmyndina *Eddýs* eða *Eddý*? Hvernig á að meta, hvað er „eðlilegt“ eignarfall?).

Varðandi skilyrði 2) að ofan má benda á, að ekki væri óeðlilegt að skilgreina nafn ekki aðeins sem nafnmyndina í nefnifalli, heldur líka með beygingu nafnsins, þannig að t.d. nafnið Blær sem karlmannsnafn sé í ströngum skilningi <Blær, Blæ, Blæ, Blæs> en sem kvenmannsnafn sé það t.d. <Blær, Blæ, Blævi, Blævar>. Þá mætti skrá nafnið sem slíkt, þegar um ágreiningsatriði er að ræða, í Mannanafnaskrá. Það hlýtur að vera jafnmikið réttlætismál fyrir borgarana að fá að skíra stúlku Blæ eins og að fá að skíra hana Aþanasíu eða Hallý.

Millinöfn

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýjum flokki nafna, svokölluðum millinöfnum. Hingað til hefur íslensk nafnalöggjöf aðeins gert ráð fyrir tveimur höfuðflokkum mannanafna: eiginnöfnum og kenninöfnum, en þau síðastnefndu greinast aftur niður í ættarnöfn og kenninöfn við föður

eða móður. Eiginnöfn hafa þau megineinkenni, að 1) þau eru kynjuð (þ.e. karlkyns- eða kvenkynsorð) og fallbeygð, 2) þau eru skírnarnöfn, þ.e. foreldrar eða aðrir forráðamenn ákvarða þau við skírn. Ættarnöfn hafa hins vegar þau megineinkenni, að 1) þau eru í kynlaus og í grundvallaratriðum ófallbeygð (þau taka í sumum tilvikum eignarfallsendingu), 2) menn öðlast þau eftir ákveðnum reglum, og þau njóta ákveðinnar nafnverndar. Þetta má setja upp í töflu:

	Skírnarnöfn	Ákv. lögv. reglur
Kynjuð	<i>Eiginnöfn</i>	---
Ókynjuð	Millinöfn	<i>Ættarnöfn</i>

Eins og sést af þessari töflu, eru millinöfn eins konar samsuða úr eiginleikum ættarnafna og eiginnafna: þau eru *ættarnöfn*, sem menn *fa við skírn*, og fela því í sér nokkurs konar mótsögn eða hugtakabrengl. Auk þess njóta millinöfn ekki sömu nafnverndar og ættarnöfn, að því er best verður séð. Ég er þeirrar skoðunar, að með því að lögleiða þennan nafnaflokk sé verið að slæva vitund almennings fyrir því, hvað er ættarnafn og hvað ekki, og með því jafnframt að hvetja til notkunar ættarnafna hér á landi, sem er þvert ofan í vilja semjenda frumvarpsins. Auk þess er verið að gera nafnakerfi okkar óþarflega flókið og grautarkennt.

Vilji menn koma til móts við þá ósk, sem óneitanlega er fyrir hendi, um að leyfa mönnum að heita nöfnum eins og Hafdal eða Ægis, væri ein leið—og að mínu mati æskilegri en millinafnaleiðin—að leyfa öllum að taka upp ættarnöfn (sem yrðu að lúta ákveðnum skilyrðum) en skylda jafnframt alla til að kenna sig við föður eða móður.

Fylgiskjal nr. 2

Páll Sigurðsson

LAGA
ÞÆTTIR
III

GREINAR AF ÝMSUM
RÉTTARVIÐUM



HÁSKÓLAÚTGÁFAN
Reykjavík 1994

XXVII

Nöfn og nafnaréttur

Hugleiðingar um nafngiftir fyrr og nú
í tilefni af mannanafnalögunum nýju

Efni:

1. Inngangur	391
2. Þróunardrættir	394
a. Almenn	394
b. Íslensk nafnaþróun	398
c. Þróun íslensks nafnaréttar	403
3. Tilraunir til lagasetningar	407
4. Um lög nr. 37/1991	408
a. Almenn	408
b. Hlutverk stjórnvalda	411
c. Nánar um efni laganna	412
5. Lokaorð	420

1. Inngangur

Reynslan sýnir, að nöfn manna skipta þá að jafnaði miklu máli. Við þau eru oft bundnar sterkar tilfinningar og nafngiftir hafa iðulega valdið ágreiningi og sárindum innan fjölskyldna og deilum við yfirvöld. Þetta er alkunnugt á okkar tímum en sé litið til eldri tíma í sögu okkar og skyldra þjóða eða til frumstæðra þjóða á öllum tímum, sést einnig að nöfn og nafngiftir gátu fyrr og síðar skipt höfuðmáli fyrir einstaklinga jafnt sem fjölskyldur eða ættir.

Í frægri bók, er norðurfarinn mikli *Knud Rasmussen* ritaði á sinni tíð og

nefndi „Sleðaförina miklu“, fjallar hann m.a. um ýmsa siði og háttu inúíta, er hann sótti heim í nyrstu mannabyggðum Kanada og Alaska. Þar – sem í ýmsum öðrum ritum sama höfundar – kemur m.a. ýmislegt athyglisvert fram um nöfn og nafnasiði frumbyggja á nyrstu bólum jarðar, en einkum er mér minnisstæð stutt frásögn hans af kynnum sínum við særingamanninn Najagneq, er hann hitti fyrir í bænum Nóme í Alaska árið 1924. Najagneq var manna fróðastur um hulda dóma tilverunnar og um innsta eðli mannkindarinnar og þegar Rasmussen spurði hann „hvað maðurinn væri“, svaraði hann af bragði: „Líkaminn, sem er það, er þú sérð, nafnið, sem erft er frá þeim látnu, og svo enn dálítið – einhver dularfullur kraftur, sem við köllum jútír, sálin, það, sem gefur öllum lífverum líf, lögun og útlit.“¹

Með öðrum orðum: Í hugarheimi særingamannsins og vafalaust einnig flestra annarra inúíta skipuðu nöfn manna höfuðsess í tilverunni, til jafns við líkamann og sálin.

Ég hef nú um nokkurra mánaða skeið átt sæti í svokallaðri „mannanafnanefnd“, sem starfar samkvæmt ákvæðum í núgildandi lögum um mannanöfn. Þótt reynsla mín af þeim málaflokki sé reyndar ekki löng nægir hún – ásamt tilheyrandi kynnum af ágreiningi og sárindum fólks vegna höfnunar yfirvalda á umsóknum um tiltekin eiginnöfn – til þess að ég tel mig hafa öðlast betri skilning en áður á því, hve nafngiftir ungbarna (og nafnbreytingar síðar) eru mörgum mikið tilfinningamál. Er oft engu líkara en barátta aðstandenda barns fyrir nafni þess – hafi yfirvöld staðið gegn nafngjöf – snúist um „verðmæti“ og hagsmunum, sem varði álíka miklu fyrir heilli og heiður barnsins og fjölskyldunnar sem það, er fyrr var greint um mikilvægi nafnsins í hugarheimi norðurbyggjana. Með höfnun ákveðins nafns – eða jafnvel höfnun tiltekinna nafnmyndar eða ritmyndar nafns – vegi þá yfirvöldin (einkum mannanafnanefnd) jafnt að velferð barnsins sem heiðri og tilfinningum aðstandenda þess.

Þótt ekki verði reyndar fullyrt um, að allur almenningur hér á landi líti svo á, að nafnið eitt saman skipi jafnháan sess í salarkynnum manntegra veru og líkaminn og sálin, má a.m.k. ljóst vera, að nafngiftir eru fæstum mönnum hégómamál en mörgum – og jafnvel flestum – mikið alvörumál og vissulega eru nöfn manna svo þýðingarmikill þáttur í lífi þeirra öllu og í „ímynd“ þeirra gagnvart samborgurum sínum, að þau verðskulda fyllstu athygli þeirra, sem láta sig varða um hagi manna í samfélaginu.

Ég mun nú, í fáum orðum, víkja að þeirri löggjöf um mannanöfn, er gildir á landi hér – og þá einungis fjalla um þá þætti þeirrar löggjafar, sem mér þykja helst þurfa skýringa við eða sem betur mættu fara – en áður en að því kemur mun ég þó bregða upp svipmynd af þróun nafngifta og réttarreglna um þær. Allt verður þetta í styttra máli en vert væri, en hvort tveggja kemur

¹ Sleðaförin mikla, í íslenski þýðingu Jóns Helgasonar (Rvík 1955), bls. 149. Leturbreyting er mín, P.S.

til, að mig skortir mennt og rúmið nafnaréttur taka fræðimenn jafnt aðrar nafngiftir, nöfn fyrirtækja (fæst að sjálfsögg) um hið síðasttal nafnafræði er ein og félagsfræði) um íslenskan nafnalögin nýju

² Af bókum, er var einkum nefna eftir: Inga (Rvík 1991); Þorsteinnsson (Rvík 1981); Þorsteinnsson (Rvík 1950 (Rvík 1961)); (Upps. 1905-1915 ættarnöfn og erlend samantektir um ísl. til sögu Íslands og mannanöfn. Safn árið 1855. Skýrs. manntalinu 1. des. kultúr var helgað um eftir nokkra m.a. greinina: De eldri, XII. bindi lenskar heimildir mannanöfn – Lög 1915), auk þess mannanöfn, sem söfnum einstakra hans Innhogg og nord. filologi til dreif (Rvík 1947 lensk mannanöfn 1992; sami höf. Þorsteinnsson, B. Um íslenskan mannanöfn um vísa á eftirt. 119-139; Theolenskum lögum mannanöfn – Lög um mannanöfn eftir Halldór Á. Íslensku máli Úlfjóti, I. töl. finna í greinar flutt hafa verið

til, að mig skortir kunnáttu til að rita ítarlega greinargerð um nafnafræði almennt og rúmið leyfir eigi mjög ítarlegt skrif um nafnarétt. Nafnafræði og nafnaréttur taka reyndar yfir miklu víðara svið en mannanöfnin ein, því að fræðimenn jafnt sem löggjafinn hafa einnig látið sig varða örnefni og ýmsar aðrar nafngiftir, sem máli skipta í þjóðfélaginu, sbr. t.d. réttarreglurnar um nöfn fyrirtækja (*firmu*) o.þ.h. og listamannsnöfn, auk þess sem nafnafræðin fæst að sjálfsögðu við ýmislegt annað, meira að segja nafngiftir húsdýra, en um hið síðasttalda efni gilda reyndar engar réttarreglur hérlendis. Almenn nafnafræði er einkum viðfangsefni málvísindamanna (með ívafi af sagnfræði og félagsfræði) og því eigi á mínu færi, en almenn eða heildstæð greinargerð um íslenskan nafnarétt (að því er mannanöfn varðar), sem miðist við mannanafnalögin nýju, verður einnig að bíða betri tíma.²

² Af bókum, er varða íslenska mannanafnafræði eða sem umtalsvert gildi hafa á því sviði, má einkum nefna eftirtalin rit: *Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni*, Nöfn Íslendinga (Rvík 1991); *Hermann Pálsson*, Íslensk mannanöfn (Rvík 1960); sami höf., Nafnabókin (Rvík 1981); *Þorsteinn Þorsteinsson*, Íslensk mannanöfn – Nafngjafir þriggja áratuga 1921–1950 (Rvík 1961); *E.H. Lind*, Norsk isländska dopnamn ock fingerade namn från medeltiden (Upps. 1905–1915, supplement Ósló 1931). Þá má nefna bækling eftir *Ingólf Pálmason*, Um ættarnöfn og erlend mannanöfn í íslensku (Rvík 1987). Í safnrítum hafa birst ýmsar ritsmíðar og samantektir um íslenska nafnafræði, sbr. t.d. *Ólafur Lárusson*, Nöfn Íslendinga árið 1703. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. Annar flokkur 2 (Rvík 1960); *Jón Jónsson*, Um íslensk mannanöfn. Safn til Sögu Íslands III (Khöfn 1902); *Sigurður Hansen*, Um mannaheiti á Íslandi árið 1855. Skýrslur um landshagi á Íslandi I (Khöfn 1858); Íslensk mannanöfn samkvæmt manntalinu 1. desember 1910. Hagskýrslur Íslands 5 (Rvík 1915). Eitt bindi ritsafnsins *Nordisk kultur* var helgað norrænum (og þ.á.m. íslenskum) mannanafnafræðum, með ítarlegum ritgerðum eftir nokkra höfundu (VII. bindið, Sth. 1947, *Assar Janzén* annaðist útgáfuna og ritaði þar m.a. greinina: De fornvestnordiska personnamnen). Í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*, XII. bindi, eru greinar um namngjeving, m.a. grein eftir *Olav Bø*, er mjög styðst við íslenskar heimildir, sbr. og greinar þar um *personnavn*. Af nefndarálitum má nefna ritið Íslensk mannanöfn – Lög, nefndarálit og nafnaskrár, gefið út að tilhlutan Stjórnarráðs Íslands (Rvík 1915), auk þess sem mikinn fróðleik má finna í greinargerðum með frumvörpum til laga um mannanöfn, sem flutt hafa verið á ýmsum tímum, sbr. síðar. Af greinum í *afmælisritum* eða *ritsöfnum* einstakra manna má m.a. nefna: *H. Kohr*, Skandinaviske motenavn i vikingtiden, í riti hans *Innhogg og utsyn* (Kria 1921); *Einar Ólafur Sveinsson*, Nafngiftir Oddaverja, í *Bidr. till nord. filologi tillägn*. E. Olson (Lundi 1936); *Árni Pálsson*, Um ættarnöfn, í riti hans *Á við og dreif* (Rvík 1947). Af greinum í *tímaritum* má nefna: *Halldór Halldórsson*, Hugleiðingar um íslensk mannanöfn að gefnu tilefni, *Skírnir* 1960; *sami höf.*, Ólögleg mannanöfn, *Andvari* (haust) 1992; *sami höf.*, Íslenskir nafnsiðir og þróun íslenska nafnaforðans, *Skírnir* 1967; *Þorsteinn Þorsteinsson*, Breytingar á nafnavali og nafnatilni á Íslandi þrjár síðustu aldir, *Skírnir* 1964. – Um íslenskan mannanafnarétt (áður en núgildandi mannanafnalög komu til sögunnar) má einkum vísa á eftirtalin rit eða ritgerðir: *Þórður Eyjólfsson*, Persónuréttur (2. útg., Rvík 1967), bls. 119–139; *Theodór B. Lindal*, Almennar hugleiðingar um persónulegan nafurétt samkvæmt íslenskum lögum, í *Afmælisriti Ólafs Lárussonar* (Rvík 1955); *Baldur Guðlaugsson*, Íslensk mannanöfn – Löggjöf, er þau varðar, og framkvæmd hennar, í *Úlfjóti*, 2. tbl. 1969. Um lög þau um mannanöfn, er nú gilda (l. 37/1991) hefur lítt verið fjallað fræðilega, en þó má nefna greinar eftir *Halldór Ármann Sigurðsson*, Heimil nöfn og óheimil – Um 2. grein mannanafnalaganna, í *Íslensku máli og almennri málfræði* 1993, og eftir *Hermann Pálsson*, Hugleiðing um nafnalög, í *Úlfjóti*, 1. tbl. 1992. Um íslenskan mannanafnarétt er að sjálfsögðu einnig mikinn fróðleik að finna í greinargerðum og athugasemdum, er fylgt hafa frumvörpum til laga um mannanöfn, er flutt hafa verið á Alþingi, hvort sem þau frumvörp voru lögtekin eða ekki.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram, að *mannanafnaréttur* – innan hins stærra sviðs, *nafnaréttar* – greinist í tvo höfuðþætti. Fjallar annar meginþátturinn um *hina opinberréttarlegu hlið*, þ.e. *nafnkvöðina* (þ.m.t. skyldu til nafngjafar og takmarkanir á nafnavali), en hinn þátturinn snýr að *einkaréttarlegri hlið* efnisins, þ.e. hinum *persónulega sérretti eða einkarétti til nafns* og úrræðum manna til að varna því, að aðrir noti nöfn þeirra á óheimilan hátt eða líki um of eftir nöfnum þeirra. Á þessum blöðum verður, rúmsins vegna, nær eingöngu fjallað um hinn fyrrnefnda þátt þessa réttarsviðs nema hvað lítillega verður vikið að einkarétti til nafns í tengslum við hið eina ákvæði mannanafnalaganna, er snertir hann.

2. Próunardrættir

a. Almenn

Frá fornu fari hefur það verið viðtekin regla í mannlegu samfélagi, að hver einstaklingur beri ákveðið *nafn* til auðkenningar frá öðrum mönnum. Um þetta vitna ritaðar heimildir frá öllum tímum síðan ritöld hófst (miðað við varðveitta rittexta), en að sjálfsögðu hafa nafngjafir manna tíðkast miklu fyrr en ritaðar heimildir skýra frá berum orðum, þótt nú verði einungis getum leitt að nafnasiðum á forsögulegum tímum. Ætla má, að löngum hafi formleg nafngjöf barns verið til tákns um það, að þar með væri það tekið inn í ætt og samfélag.

Í smáum og frumstæðum samfélögum – sem og í fámennum hópi fjölskyldu og náinna kunningja – nægir hin einfaldasta nafngjöf, þ.e. *eiginnafnið* eitt saman, til þess að auðkenna einstaklinginn nægilega svo að eigi verði villst á honum og öðrum í daglegu lífi, en í flóknari samfélagsgerð og fjölmennara umhverfi nægir þetta ekki, svo að vel sé. Þá kemur smátt og smátt til sögunnar sú venja að bæta öðru nafni við eiginnafnið, einhvers konar *viðurnefni* eða *kenningarnafni*, til frekari auðkenningar og hægðarauka. Var þá nærtækt að kenna sig til foreldra (venjulega föður), ættar eða bústaðar. Þar að auki bera ýmsar heimildir þess vott, að annars konar viðurnefni hafi snemma farið að tíðkast, þ.e. auðkenningar manna eftir ýmsum *eiginleikum* þeirra, *útliti* o.þ.h.

Svo lengi sem vitað er, hefur ýmis konar *helgi* fylgt mannanöfnum, og margvíslegir *táknsiðir* verið viðhafðir við nafngjöf. Í því sambandi má m.a. nefna, að hinn kunningi síður að *ausa barn vatni* við nafngjöf er ævafor og er hann á engan hátt bundinn við kristinn sið, svo sem ýmsir myndu e.t.v. ætla nú um stundir, og tók kristnin þennan forna sið „að láni“ frá heiðninni eins og ýmsa fleiri. Heiðnir Norðurlandabúar jusu t.d. börn sín vatni löngu fyrir

kristnitöku, að *hreinsunarath.* miðað að því gildi sú regla á stakar aðstæður og verið gefið

Vafalaust

Svo virðis því, að mikil *leika* af nöfn dýrategunda. Kenndu þær vænst og trú frárra dýra frá barátunni, en nöfn látinna hugmyndir eiginleikar á anda hins fæsamandi að ósk um að langt fram færi að líða kristnitöku.

Alkunn að gefa börn væri til „d um og all svo á, að nafnið ná manna, eð sem vissi nafnberan hans – og ekki dagl

Sé líti ópu, ber fremur frá um hætt: beri allar einstaka Sérstaka væri br

inn-
annar
þall
þyr að
karétti
a á 6-
erður,
röstar-
m við

Þ hver
a. Um
að við
la fyrir
getum
form-
n í æt

í fjöl-
nnafn-
i verði
g fjöl-
smátt
ar við-
Var þá
ar. Þar
u hafi
leikum

um. og
á m.a.
i og er
v. ætla
ni eins
u fyrir

kristnitöku, að því er best verður vitað. Má ætla, að hér sé upphaflega um *hreinsunarathöfn* að ræða, sem hafi fyrrum (og e.t.v. einnig síðar á öldum) miðað að því að bægja illum öndum frá barninu. Meðal norrænna manna gildi sú regla á heiðnum tímum – meðan barnaútburður tíðkaðist enn við sérstakar aðstæður – að eigi mátti bera út barn, er áður hafði verið vatni ausið og verið gefið nafn.

Vafalaust er sá siður forn að gefa gefa börnum gjafir í *nafnfesti*.

Svo virðist sem frumstæðir menn um víða veröld hafi fyrir og síðar trúað því, að mikill *máttur* fylgi mannanöfnum og að nafnberar öðlist ýmsa *eiginleika* af nöfnum sínum. Mannanöfnum, sem dregin voru af heitum ýmissa dýrategunda, gátu því fylgt – og áttu að fylgja – þeir eiginleikar, sem einkenndu þær tegundir. Væri t.d. dreng gefið nafn bjarnarins var þess því vænst og trúað, að hann yrði sterkur og hugaður sem björn, nöfnum sprettrárra dýra fylgdi þol og hlaupahraði, sem vissulega gat komið sér vel í lífsbaráttunni, o.s.frv. Þá hefur snemma tekið að tíðkast, að börnum væru gefin nöfn látinna forfeðra eða -mæðra og verður að ætla, að þar að baki hafi legið hugmyndir um, að með því væri barninu tryggðir ýmsir góðir eða gagnlegir eiginleikar hins látna, er nafnið hafði borið, enda gat komið sér vel að gleðja anda hins framlíðna með nafngjöfnni. Vitað er, að lengi og víða þótti ekki sæmandi að gefa börnum nöfn lifandi ættmenna, því að það mátti skilja sem ósk um að sá, er eftir var heitið, biði skjótt bana! Gætti þessara viðhorfa víða langt fram á sögulegan tíma, t.d. meðal norrænna þjóða, þótt smátt og smátt færi að líðast að nefnt væri eftir lifandi mönnum, einkum þó allöngu eftir kristnitöku.

Alkunnur er sá siður meðal margra frumstæðra þjóðflokka, fyrir og síðar, að gefa börnum *tvennis konar eiginnöfn*, með þeim hætti að annað nafnið væri til „daglegrar notkunar“ en hitt nafnið væri „leyninafn“, sem fáir vissu um og alls ekki mátti nota nema við sérstök og fátíð tækifæri. Var þá litið svo á, að „leyninafnið“ („sparinafnið“) væri hið „eiginlega“ nafn en daglega nafnið nánast notað í blekkingarskyni við illa anda, sem sátu um heill manna, eða óvinveitta menn, er gátu misnotað nöfn andstæðinga sinna. Sá, sem vissi „leyninafnið“ (hvort sem var maður eða andi), gat fengið vald yfir nafnberanum – t.d. á svipaðan hátt og hefði hann undir höndum lokk úr hári hans – og var því fær um að vinna honum mein, en þessi kraftur fylgdi þá ekki daglega nafninu, sem allir máttu þekkja!

Sé litið til forfeðra okkar Íslendinga, hinna fornu Germana í Norður-Evrópu, bera heimildir þess vott að nafnasiðir þeirra hafi verið einfaldir og fremur fábrotnir lengi framan af og margt af því, sem hér hefur verið sagt um hætti frumstæðra manna, hafi átt við um nafnasiði þeirra, þótt forðast beri allar alhæfingar. Algengast var, að menn kenndu sig við feður sína (og einstaka sinnum mæður) með einföldum hætti en viðurnefni voru einnig tíð. Sérstakar aðstæður gátu réttlætt það, að nöfnum manna (eða viðurnefnum) væri *breytt* síðar á ævi þeirra, t.d. vegna eiginleika, sem fyrst komu í ljós

með vaxandi þroska einstaklingsins.³ Svipað því, sem hér var greint, má einnig segja um *Hellena* hina fornu, eftir því sem m.a. verður ráðið af Hómerskviðum og öðrum fornum heimildum, og meðal þeirra tíðkuðust almennt eigi ættarnöfn. Eftir að veldi *Rómverja* eflidist nægðu þeim hins vegar eigi til frambúðar þeir fornu og einföldu nafnasiðir, sem þeir höfðu lengi búið við, heldur þróuðust í ríki þeirra allnákvæmar og fastar reglur um nafngjafir, sem gerðu ráð fyrir því að hver einstaklingur bæri *þrjú* nöfn: *praenomen* (eiginnafn), *nomen* eða *nomen gentilitium* (ættarnafn) og *cognomen* (viðurnefni, sem smám saman fór að bera með sér tákn um hina nánustu fjölskyldu nafnberans). Mun hér vera fyrsti vísir að notkun reglulegra ættarnafna í hinum vestræna heimi, en ekki varð þetta til þess að ættarnöfn kæmust almennt í tísku til frambúðar meðal þeirra þjóða, sem Rómverjar lögðu undir sig, eða þeirra þjóðflokka, sem um síðir sigruðu Rómaveldi.

Meðal germanskra þjóða munu ættarnöfn ekki hafa komið til sögunnar fyrr en á 11. öld, og má rekja þá þróun til *óbeinna* áhrifa frá Rómarrétti (ættarnöfn höfðu þá allengi verið notuð í Feneyjum eftir býsantískri tísku, sem aftur átti rætur að rekja til hins forna Rómaveldis, en frá Feneyjum mun þessi nafnasiður hafa breiðst út norður á bóginn). Ættarnöfn fóru síðan að tíðkast meðal franskra og þýskra aðalsmanna og breiddist sá siður að lokum út til lægri þjóðfélagsstéttu, þótt hægt færi.

Lengi giltu engar lagareglur um nafngiftir, en á 16. öld bannaði þó t.d. Frakkakonungur nafnbreytingar án konungsleyfis. Yfirvöld í hinum þýsku ríkjum gripu almennt mun seinna í taumana þótt um síðir væru þar einnig gefin fyrirmæli um tiltekin atriði nafnaréttar, sem og í flestum löndum öðrum. Englendingar hafa þó að nokkru farið sínar eigin leiðir í þessu efni, sem ýmsum öðrum, því að þar hefur löngum lítt gætt lagafyrirmæla, er bindi hendur manna um nafngiftir.

Meðal *Norðmanna*, *Dana* og *Svíá* var lengi haldið í hina fornu germönsku nafnasiði og lengi gætti þar lítt erlendra tókunafna þótt nokkur nöfn af því tagi væru reyndar tekin upp í kjölfar kristnitöku og síðar. *Viðurnefni* voru lengi tíðkuð, svo sem sjá má í fornum sögnum, og voru eigi síður borin af höfðingjum en múgamönnum. Eru norrænir konungar þar eigi undanskildir, því að um langt skeið höfðu þeir flestir viðurnefni, sem sum hver hafa vart verið gefin í virðingarskyni, sbr. t.d. Haraldur *lúfa*, Ólafur *digri*. Viðurnefni mátti þó breyta síðar ef ástæða þótti til (Haraldur *lúfa* > Haraldur

³ Þetta átti einnig við meðal norrænna þjóða fyrr á tíð, ef marka má fornar sagir, sbr. t.d. sögnina um *Snorra goða* í Íslenskum fornritum. Hann var heitinn *Þorgrímur* í höfuðið á föður sínum, er var nýlátinn þegar sveinninn var vatni ausinn, en er piiturinn óx úr grasi komu sérstakir eiginleikar í ljós, sem réttlættu nafnbreytingu: „Hann var heldr ósvífr í æskunni, ok var hann af því *Snerrir* kallaður ok eptir þat *Snorri*.“ (Eyrbyggja saga, Íslensk fornrit IV. (Rvík 1935), bls. 20 (leturbr. mínar, P.S.), sbr. og Gísla sögu Súrssonar, Íslensk fornrit VI. (Rvík 1943), bls. 57). *Snerrir* merkir óstýrilátur maður og hefur líklega í fyrstu verið viðurnefni Þorgríms, en Snornafnið að lokum orðið ofaná.

hárfagri). Önnur viðurnefni skyni, t.d. Magnús *lag*

Á Norðurlöndum kallað alþýðu manna, en veitastaka sinnum móður) -dóttir. Tíðkaðist þetta Noregs og Svíþjóðar um miðbik aldarinna ingarnöfn, svo sem kallað ættarnafna allt frá 1. öld alsmenn og var svo kallað upp ættarnöfn í latínu en smátt og smátt þessu leyti, einkum kallað sögunnar í Noregi e

Frelsi var almennt lengi, að menn breyttu að því er virðist að því af hálfu yfirva nafnanotkun hélst um í Noregi þar se

Árið 1828 gerð giftir og í tilskipað barn ekki aðeins ættarnafni. Þá voru skyldu fá sama nafns eða viðurnefni hafa verið fylgt eftir Danir fengu heilvöld einnig seinna árið 1923 að Noregi ist ekki hafa tekið dæmi um fyrri nafn skurð frá 19. júlí

4 Sbr. t.d. upplýsingar um upplýsingar um reynslu sem lögmætir mange skjebner i sammen – iallfall egentlig navn i de noe av det som er mange som ikke efternavnet kan v

hárfagri). Önnur viðurnefni voru þó vissulega gefin konungum í virðingarskyni, t.d. Magnús *lagabætir*.

Á Norðurlöndum komu *ættarnöfn* almennt mjög seint til sögunnar meðal alþýðu manna, en venjan var að menn kenndu sig við föður sinn (eða einstaka sinnum móður) með eigin nafni föður í eignarfalli að viðbættu -son eða -dóttir. Tíðkaðist þetta reyndar meðal sveitafólks í afskekktari byggðum Noregs og Svíþjóðar vel fram á þessa öld (t.d. með skýrum dæmum frá því um miðbik aldarinnar), en ættarnöfn eru nú orðin þar allsráðandi sem kenningarnöfn, svo sem kunnugt er. Meðal Dana eru reyndar til dæmi um notkun ættarnafna allt frá 13. öld, en þau voru í fyrstu einvörðungu bundin við aðalsmenn og var svo um langa hríð. Síðar fór að tíðkast að lærðir menn tækju upp ættarnöfn í latneskum búningi, sbr. það sem síðar segir um Íslendinga, en smátt og smátt fór síðan almenningur að líkja eftir heldri mönnum að þessu leyti, einkum í bæjum og borgum. Ættarnöfn komu þó mun seinna til sögunnar í Noregi en Danmörku.

Frelsi var almennt um nafngjafir meðal norrænna þjóða og algengt var lengi, að menn breyttu nöfnum sínum að vild eða rituðu þau með ýmsu móti, að því er virðist að geðþótta sínum, og var almennt ekki tekið að sporna við því af hálfu yfirvalda fyrr en komið var fram á 19. öld. Þessi losarabragur á nafnanotkun hélst þó allvíða meðal alþýðu manna fram til síðari tíma, einkum í Noregi þar sem enn er óvíst hvort tekist hafi að útrýma honum.⁴

Árið 1828 gerðu dönsk yfirvöld tilraun til að koma nokkurri reglu á nafngiftir og í tilskipun frá 30. maí það ár var m.a. boðið, að við skím skyldi barn ekki aðeins nefnt eigin nafni, heldur einnig víðeigandi fjölskyldu- eða ættarnafni. Þá var og boðið um svipað leyti (1828 og 1829), að systkini skyldu fá sama ættarnafn. Mættu ættarnöfn byggjast á kenningu til föðurnafns eða viðurnefnis hans eða vera staðar- eða bæjarnafn. Þessu mun ekki hafa verið fylgt eftir í þáulla og það var ekki fyrr en í byrjun þessarar aldar að Danir fengu heildstæða og virka löggjöf um mannanöfn. Í Noregi tóku yfirvöld einnig seint að hlutast til um nafngiftir manna og það var ekki fyrr en árið 1923 að Norðmenn fengu heildstæða löggjöf um það efni, sem þó virðist ekki hafa tekist að framfylgja til fullnustu, sbr. það er fyrr sagði. Sem dæmi um fyrri tíðar valdboð á þessu sviði þar í landi má nefna konungsráskurð frá 19. júlí 1848, þar sem boðið var, að sálmaregistur skyldi þannig úr

4 Sbr. t.d. upplýsingar um þetta í riti *Hans J. Björnstad*, *I rettferdighetens navn – Sakførersens opplevelser blant fant og fut i kongeriket Norge* (Oslo 1969), en höfundur hafði að baki langa reynslu sem lögmaður á landsbyggðinni. Í nefndu riti, á bls. 63, segir hann t.d.: „Jeg har set mange skjebner i mitt liv, og jeg har møtt mange mennesker. Det er umulig å huske dem alle sammen – iallfall er det umulig å huske navnene på dem, bl.a. fordi svært mange ikke har noe egentlig navn i det hele tatt. Da jeg i sin tid kom ut som dommerfullmektig, var nettopp dette noe av det som forundret meg mest. Men slik er det den dag idag utover landet. Det er svært mange som ikke har noe bestemt navn – de opererer nok med et „efternavn“, men dette efternavnet kan variere fra mandag til søndag . . .“

garði gert, að í bæjum væri raðað eftir ættarnöfnum eða föðurnöfnum en í sveitum eftir eiginnöfnum.

b. Íslensk nafnabróun

Ef marka má ritaðar heimildir fornar var meginþorri mannanafna hér á landi lengi af norrænum stofni, en smátt og smátt bættust við nöfn annarrar „ættar“, upprunnin á suðlægari breiddargráðum. Ýmsir þeirra manna, er hér tóku sér bólfestu á landnámsöld, sem frjálsir menn (og einnig innfluttir þrælar) báru þó nöfn af keltneskum stofni, enda ættaðir af Írlandi, Suðureyjum eða þeim byggðum á Skotlandi þar sem einkum gætti keltneskra áhrifa. Eru mörg þessara keltnesku nafna alkunn úr íslenskum fornritum og falla mörg ágæta vel að íslensku máli enda birtast þau okkur oftast í „aðlöguðum bün- ingi.“ Enda þótt við séum vissulega keltneskrar ættar að hluta fóru þó leikar svo að nær öll hin keltnesku nöfn hurfu úr notkun er tímar liðu, þannig að eftir stóðu einungis *Kjartan* og *Njáll*, sem tengdust afar frægum sögupersón- um. Við manntalið 1703 var þó enginn Njáll í landinu en hins vegar 15 menn, er báru Kjartans-nafnið. Síðar hafa ýmis keltnesk nöfn verið endur- vakin, svo sem kunnugt er, sbr. t.d. Brjánn og Kormákur og ættarnöfnin Dungal, Kalman, Kjaran og Kjarval. Færra er um keltnesk kvennanöfn en karla, en þó er Melkorka nú vel þekkt kvenmannsnafn. Hvað sem því líður varðveittust þó fjölmörg keltnesk mannanöfn í vitund þjóðarinnar um allar aldir vegna kynna almennings af fornsögunum, sjá og síðar.

Snemma bárust hingað einstaka engilsaxnesk nöfn, sbr. t.d. Játgeir og Vilborg, og eftir kristnitöku tók að vonum að bera nokkuð á nöfnum úr guð- spjöllunum; einna fyrst kom þá *Jón*⁵ en síðar m.a. Jóhannes (Jón er reyndar stytting úr því), Páll, Pétur, Markús, Margrét og Katrín. Á 12. öld var einnig farið að skeyta forliðnum Krist- framan við íslenska nafniði, einna fyrst Kriströður og Kristrún. Erlend áhrif birtust einnig með öðrum hætti, sbr. t.d. dönsku konunganöfnin Friðrik og Kristján, sem þó voru t.d. ekki algeng við manntalið 1703. Á 19. öld varð þjóðfrelshreyfingin a.m.k. óbeint til þess, að rykið var hrist af nokkrum gömlum norrænum nöfnum úr sögunum, sbr. t.d. *Ragnar* (úr Ragnars sögu loðbrókar) og *Ingólfur* (eftir landnámsmannin- um kunna). Árið 1703 hafði t.d. enginn borið Ingólfs-nafnið, en 1910 voru þeir orðnir 166.

Lengi vel virðast eiginheiti hafa verið fremur fá, þótt haft sé mið af fá- menni þjóðarinnar. Árið 1703 munu t.d. nöfn karla hafa verið 387 en nöfn kvenna 338, en síðan fór nöfnum mjög fjölgandi og árið 1910 voru nöfn karla t.d. orðin 1071 og nöfn kvenna 1279.

Framan af öldum voru *viðurnefni* tíð, ef marka má fornar og alkunnar

5 Jón biskup Ögmundsson, fæddur um miðja 11. öld, virðist fyrstur Íslendinga hafa borið þetta nafn.

heimildir, og eru
helst sem ýmsir r
magri og Víga-C
þess sem sum eig
eiginleikum mar
bræðra Guðrúna:
Laxdæla sögu, se
ið viðurnefni þe
um hætti, sbr. t
son. Þá kenndu
sbr. Hrafn *Hæ*
nokkuð í ættur
arnöfn hafi ve
lenskir tignarm
ari öldum dró
uppnafna, sem
nefnið „ríki“ e
Því bregður t.
á síðari áratu.
var þjóðkunni
ir viðurnefnur
milli (t.d. Gu
á Eskifirði).
sitt sem „opi

Árið 1703
hins vegar 8
Jónsnafnið r
rænu karla
uð tala 191
1910. Síðar
tímabil, er
neska hein
kvæmar ra
niðurstöðu
Ýmsar
eiginnöfn)
ar, a.m.k.
langa hrið
systkin, s
ekki ólíki

6 Oft getur
viðurnefni.

heimildir, og eru mörg þeirra nafna þekktari en frá þurfi að segja. Virðist helst sem ýmsir menn hafi helst verið kunnir af viðurnefni sínu (t.d. Helgi magri og Víga-Glúmur) og það eitt stundum notað í stað eiginnafns, auk þess sem sum eiginnöfn hafa orðið til úr viðurnefnum. Oft lýstu viðurnefnin eiginleikum manna, sbr. t.d. nöfn þeirra Ósvífurssona í Dölum vestur, bræðra Guðrúnar: Óspakur, Vandráður og Torráður, sem svo eru nefndir í Laxdæla sögu, sem eiginnöfn væru, en þó hafa þetta sennilega í upphafi verið viðurnefni þessara vösku bræðra. Viðurnefni gátu verið samsett með ýmsum hætti, sbr. t.d. Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson, Þjóðrekur Sléttu-Bjarnarson. Þá kenndu menn sig stundum til föður með viðurnefni hans einu saman, sbr. Hrafn Hængsson, sem var sonur Ketils *hængs*. Sum viðurnefni festust nokkuð í ættum um sinn, án þess þó að unnt sé að segja að um eiginleg ættarnöfn hafi verið að ræða, sbr. t.d. viðurnefnið „hólmur“, sem nokkrir íslenskir tignarmenn af sömu ætt báru af og til frá 13. og fram á 15. öld. Á síðari öldum dró mjög úr notkun formlegra viðurnefna – annarra en hreinna *uppnefna*, sem tíðkast hafa fyrr og síðar – en einna „lífseigast“ var þó viðurnefnið „ríki“ eða „auðgi“, sem vissulega gat þó ekki átt við sérlega marga! Því bregður t.d. alloft fyrir í ættartölum frá 19. öld og þekktist jafnvel einnig á síðari áratugum (sbr. t.d. Einar „ríka“ Sigurðsson í Vestmannaeyjum, er var þjóðkunnur maður). Enn þann dag í dag eru einstaka menn alkunnir undir viðurnefnum og oftast vísað til þeirra þannig í daglegri umræðu manna á milli (t.d. Guðmundur „Jaki“ verkalyðsleiðtogi og Alli „ríki“, útgerðarmaður á Eskifirði). Langt er hins vegar síðan viðurnefnin misstu hið *formlega* gildi sitt sem „opinber“ auðkenning einstaklinga.

Árið 1703 var svo komið, að einungis 66% karla báru norræn nöfn, en hins vegar 87% kvenna, og stafaði þessi munur af hinni miklu hylli, sem Jónsnafnið naut á þessum tíma (Jónarnir voru þá 4827 talsins). Hlutfall norrænu karlmannsnafnanna lækkaði enn niður í 59% við manntalið 1855 (svipuð tala 1910), en meðal kvenna voru þau komin niður í 73% 1855 og 61% 1910. Síðan fór vegur norrænna nafna nokkuð vaxandi, en þó hafa komið tímabil, er talsvert gætti upptöku erlendra nafna, einkum úr hinum engilsaxneska heimi, t.d. vegna áhrifa frá kvikmyndum eða skáldsögum, en nákvæmar rannsóknir á þessari þróun hina síðari áratugi, með aðgengilegum niðurstöðum, skortir.

Ýmsar heimildir benda til þess, að *tvínefni* (þ.e. að sami maður beri tvö eiginnöfn) hafi þekkt nokkuð á fyrstu öldum Íslands byggðar og einnig síðar, a.m.k. fram um lok miðalda⁶, en síðan virðast þau hafa lagst af um allanga hríð eða a.m.k. verið afar fátíð. Í manntalinu 1703 eru aðeins ein systkin, sem heita fleiri nöfnum en einu, en þau áttu danska móður og er ekki ólíklegt að systkinin hafi verið fædd í Danmörku. Á 19. öldinni tók

⁶ Oft getur reyndar verið örðugt að ákvarða hvort síðara nafn er eiginlegt eiginheiti fremur en viðurnefni.

fleindefnum hins vegar að fjölga mjög og eitthvað var jafnvel farið að skíra þrem nöfnum að dönskum sið.

Ættarnöfn komu hér seint til sögunnar, mun seinna en víðast annars staðar, og héldu menn almennt hinum forna sið að kenna sig til föður (eða móður) að viðbættu -son eða -dóttir, svo sem enn er algengast. Má segja að Íslendingar varðveiti nú einir þennan forna norræna nafnasið. Eiginlegar aðalsættir mynduðust ekki hér á landi þótt nokkrir Íslendingar væru „herraðir“ fyrir á tíð (og einnig væri dæmi um jarlsnafn), en eigi breyttu þeir eða afkomendur þeirra nöfnum sínum þrátt fyrir upphefðina. Eftir að háskóli tók til starfa í Kaupmannahöfn og íslenskir námsmenn fóru að nema þar voru nöfn þeirra, einkum föðurnöfn, yfirleitt færð í latneskum búningi í skráningarbók skólans, svo sem Bodverus (Böðvarsson), Gutbrandi (Guðbrandsson), Sculerus (Skúlason) og Torlakius, síðar Thorlacius (Þorláksson), en lengi vel leiddi þetta þó ekki til upptöku beinna ættarnafna.⁷ Svo fór þó, að tekið var að nota sum þessara latnesku kenningarnafna sem ættarnöfn – hin fyrstu borin af íslenskum mönnum. Er almennt talið, að elsta ættarnafnið sé *Widalinus* eða *Vidalín* (fyrst skráð á síðari hluta 17. aldar; notkun nafnsins sem ættarnafns var eigi óslitin) en Thorlacius hefur tíðkast litlu skemur.

Á 19. öld fór notkun ættarnafna mjög vaxandi vegna danskra áhrifa, svo sem við var að búast. Enduðu þau mörg á „-sen“ að danskri fyrirmynd, sbr. t.d. Thorarensen, Thoroddsen, Egilsen, en einnig voru tekin upp nöfn, er kennd voru við staði, svo sem Blöndal (af Blöndudal) og Briem (af Brjáns-læk á Barðaströnd). Með útlendum mönnum, einkum dönskum kaupmönnum, bárust einnig erlend ættarnöfn, sem festu hér rætur, t.d. Havsteen (síðar Hafstein) og Schram. Á tímabilinu 1915-1925, þegar upptaka nýrra ættarnafna var heimil lögum samkvæmt, sbr. síðar, kom að lokum til sögunnar aragrúi ættarnafna, sem mörg hver hafa síðan sett svip sinn á samfélagið, en ýmis önnur „ættarnöfn“ hafa einnig verið notuð síðan með ólögmatum hætti. Þar að auki hafa annars konar „kenningarnöfn“, sem líkjast ættarnöfnum, verið notuð í allmiklum mæli, eiginlega í trássi við lög og rétt, og stundum valdið vandkvæðum og ruglingi.

Í sveitasamfélagi er næsta eðlilegt að menn séu kenndir við *heimili sín-jarðirnar* eða *býlin* – og þangað eiga einnig fjölmörg ættarnöfn rætur sínar að rekja, héraendis sem erlendis. Þessi siður hefur verið alþekktur á Íslandi fyrir og síðar, þ.e. verið viðhafður í daglegu tali manna á meðal, en um nokkurt skeið (ekki síst á fyrri hluta þessarar aldar) komst í nokkra tísku að menn bættu kenningu til staðar- eða bæjarnafns við fullt nafn sitt, t.d. við fornlega nafnritun eða þegar þeir kynntu sig fyrir ókunnugum, og ætluðust jafnframt til þess að aðrir notuðu þessi kenningarnöfn þeirra. Voru ýmsir þjóðkunnir menn reyndar aldrei nefndir á nafn með öðrum hætti, sbr. t.d. alþingismenn-

⁷ Fróðleik um þessi efni má einkum fá í riti *Bjarna Jónssonar frá Unnarholti*, Íslenskir Hafnarstúdentar (Akureyri 1949).

ina Bjarna Jónsson frá Múla og Jón Sigurð. hvorki fyrir né síðar n. mannsnöfn, og nú m. dæmi megi enn finna Steindór Steindórsson. jafnframt meðal eins vatni).

Athyglisvert er, barna færðu eigi ætíð fjölmörg dæmi um skjöld í þeim efnun. fyrirmenn gæfu börson sinn heita Óræl var og algengt, að r. nöfnum, sem eigin. (nafnið „Fúsi“ má lega kveðið að þess renninga. Í manni Gunna, Lauga, Oc Enn þann dag í da ist“ þess að vera k sinna, og ríti jafn gamalkunna Ingi „Inga“ – og form

8 Ekki er reyndar við merkingu nafnsins Ó. mikill kunnáttumaður. Snorri var maður „m. ildum sést, að honur eitt dæmi um það. L. fyrir daga Snorra, en ónefnum fyrir á tíð v sem alkunna er. og einnig af ýmsum ás. frummerkinguna: S. hefur nafnið þótt í þess þá væntanlegu sögu bar þetta nafn um fjölmarga ald. merkinguna: þrapp vel að því, er hið í um, en nú er líkle; mannsnafnið *Kálf*. ólíklegt, að nafn. nöfn *Lambi* og *Hr.*

ina Bjarna Jónsson frá Vog, Jónas Jónsson frá Hriflu, Árna Jónsson frá Múla og Jón Sigurðsson frá Reynistað. Þessi kenningarháttur hefur þó hvorki fyrir né síðar notið neinnar lögverndar, nema ef vera kynni um listamannsöfn, og nú mun hann sennilega að mestu af lagður þótt einstöku dæmi megi enn finna um notkun hans, einkum meðal eldri manna (sbr. t.d. Steindór Steindórsson frá Hlöðum og Sigurð Bjarnason frá Vigur) en þó jafnframt meðal einstöku yngri manna (sbr. t.d. Sigurð Jónsson frá Arnarvatni).

Athyglisvert er, að þess gætti nokkuð á öllum öldum, að forráðamenn barna færu eigi ætíð eftir almannasmekk um nafngiftir þeirra og eru reyndar fjölmörg dæmi um *ónefni*, fyrir og síðar – og enn höfum við ekki hreinan skjöld í þeim efnum. Þess eru jafnvel dæmi, forn sem ný, að höfðingar og fyrimenn gæfu börnum sínum „hæpin“ nöfn, sbr. t.d. er Snorri Sturluson lét son sinn heita Órækja, sem merkir: sóði, mannskrafa, hirðulaus maður.⁸ Þá var og algengt, að menn væru alla sína tíð nefndir stytum nöfnum eða gælunöfnum, sem eiginnöfn væru, og nöfnin einnig færð svo til bréfa eða bókar (nafnið „Fúsi“ má t.d. víða finna í fornum skjölum). Mest hefur þó væntanlega kveðið að þessu um það fólk, er minnst mátti sín, niðursetninga og umrenninga. Í manntalinu 1703 eru nokkrar konur t.d. skráðar sem Borga, Gunna, Lauga, Odda, Ranka, Steinka, Vigga og Þrúða, auk nafnsins Fúsi. Enn þann dag í dag eru mörg dæmi þess, að fólk (einkum kvenfólk) „krefjast“ þess að vera kallað gælunöfnum eða nafnstyttingum, í stað skírnamafna sinna, og riti jafnvel einnig nöfn sín með þeim hætti. Konur, sem bera hið gamalkunna Ingibjargar-nafn, hafa sumar eingöngu viljað hafa nafn sitt „Inga“ – og fornleg nafnbreyting í þá átt hefur reyndar verið leyfð nýlega.

8 Ekki er reyndar víst, að allur almenningur hafi, á dögum Snorra, gert sér fulla grein fyrir merkingu nafnsins Órækja, en hún hefur a.m.k. verið ljós Snorra sjálfum, föður drengsins – svo mikill kunnátumaður sem hann var á íslenska tungu – og vafalaust mörgum öðrum. Vitað er, að Snorri var maður „marglyndur“ og að ýmsir þverbrestir voru í fari hans og skaphöfn. Af heimildum sést, að honum fórst almennt ekki veglega við börn sín og er nafngjöf þessa sonar aðeins eitt dæmi um það. Líklegt er, að Órækju-nafn hafi í fyrstu verið borið sem viðurnefni, þ.e. löngu fyrir daga Snorra, en síðan orðið að eiginnafni, eins og ýmis dæmi eru um. – Þegar hugað er að ónefnum fyrir á tíð verður að hafa hugfast, að frummerkingar orða glatast ofi með tímanum, svo sem alkunna er, og hugmyndir almennings um það, hvað sé við hæfi í nafngiftum breytast einnig af ýmsum ástæðum. Má í þessu sambandi taka nafnið *Mörður*, sem að sumra mati hefur frummerkinguna: Sá, er myrðir, morðingi (þótt eigi sé það örugg skýring). Hvað sem því líður, hefur nafnið þótt fullgott á söguöld, ef marka má fornar heimildir, og neikvæð frummerking þess þá væntanlega verið gleymd. En sökum þess, að alkunn og illræmd sögupersóna í Njáls sögu bar þetta nafn – en Njála var væntanlega kunnust Íslendinga sagna – hvarf nafnið úr notkun um fjölmargra alda skeið, að því er helst virðist, enda hafði nafnið þá í munni alþýðu fengið merkinguna: hrappur, rógberi – bersýnilega eftir sögupersónunni. Ýmsum mun eigi hafa getist vel að því, er hið forna nafn var endurvakið og drengur fyrst skírður Mörður fyrir fáum áratugum, en nú er líklegt að skoðanir manna á nafninu hafi breyst mjög til batnaðar. Þá má nefna, að mannsnafnið *Kálfur* var m.a. borið af höfðingjum á söguöld, en nú á tímum er ekki með öllu ólíklegt, að nafnbera kynni að vera ami að því nafni. Svipað má væntanlega segja um hin gömlu nöfn *Lambi* og *Hríður*.

Þá má nefna dæmi um Jóninnu, sem eigi notar annað nafn en „Jonna“, sem um formlegt skírnarnafn hennar væri að ræða, o.s.frv.

Dæmi eru þess frá ýmsum tímum, að ekki væri gætt smekkvísi við *kenn-ingarnöfn* (*kenningu til föður*), og stundum svo að jaðraði við hreina illgími og virðingarleysi, sbr. eftirfarandi frásögn Guðna Jónssonar prófessors úr tímaritinu Blöndu⁹, en hún er unnin eftir heimildum í bréfasafni Árnassýslu:

Þegar Einar Sæmundsson Einarsen var prestur á Þingvöllum, var þar hjá honum ógift systir hans, er Guðrún hét. Það henti Guðrúnu, að hún varð fyrir karlmanni óvarlega með þeim árangri, að hún ól barn í þennan heim á heimili prestsins, bróður síns. Það var piltbarn og fæddist þann 17. júlí 1825. Föður að barni þessu lýsti Guðrún ókenndan ferðamann, er hefði tekið hana nauðuga þann 24. september árið áður og nefnst ýmist Jón, Ásmundur, Eyjólfur eða Einar. Þessa *ósvífn* ferðamannsins við systur sína hefir prestur ekki viljað láta í gleymsku falla og skírði því drenginn *Alexí-us Úsvífsson*. – Nú liðu tveir mánuðir. Hafði Guðrún þá rankað betur við sér um það, hver þessi Úsvífur var. Skýrði hún síra Einari, bróður sínum, þá frá því, að bóndasonur frá Heiðabæ, Vernharður Ófeigsson, hefði hjá sér verið með fullri athöfn að réttu tiltölu fyrir fæðingu barnsins. Að lokinni messugerð á Þingvöllum sunnudaginn 25. september spurði prestur Vernharð í áheyrn safnaðarins, hvort hann játaði að hafi samfarir við Guðrúnu og tæki við faðerni barns hennar. Vernharður svaraði, að svo mætti vera. Varð síðan samkomulag milli allra aðilja um það, að Guðrún færi til staðaldurs að Heiðabæ með barnið. – Eftir þetta hét drengurinn *Alexíus Úsvífsson Vernharðsson*, og er hann hinn fyrsti hér á landi, er eg veit til, að borið hafi þess konar nafn sem væri hann sonur tveggja manna. En hann náði ekki að bíða vits með þetta ónefni, því að hann dó á öðru ári þann 4. febr. 1827.

Allur gangur hefur verið á því, hvernig kenningarnöfnum *ófeðraðra barna* hefur verið háttað. Áður fyrr voru börn þá iðulega kennd til mæðra sinna (til eiginnafns móður að viðbættu -son eða -dóttir) en jafnframt þekktist lengi að hafa Hansson eða -dóttir, Karlsson eða -dóttir sem kenningarnafn (og jafnvel eru dæmi um Hermannson eða -dóttir, á börn er eignuð voru erlendum en ónafngreindum hermönnum!). Þá hafa ófeðruð börn verið kennd til móðurfeðra sinna (gjarna með föðurnafni afans) eða þeim gefið sem síðara nafn eins konar kenningarnafn, sem gat líkst ættarnafni.

Ýmir dæmi eru þess, jafnvel fram til síðari áratuga, að menn væru *skírðir* kenningarnöfnum af ýmsu tagi, t.d. á þann veg að minnt gat á ættarnöfn, svo sem fyrr segir, en einnig með föðurnafni ásamt -son eða -dóttir, auk almennrar kenningar til föður, sbr. t.d. Jón *Sigurðsson Stefánsson*. Hefur þó hið síðarnefnda a.m.k. lengi verið óheimilt.

Fyrir nokkrum áratugum mátti heita orðið óþekkt, að menn væru kenndir til mæðra sinna (t.d. Guðríðarson, Margrétardóttir), en nú er aftur orðið nokkuð um þetta, svo sem kunnugt er, enda að sjálfsögðu heimilt að lögum.

⁹ Blanda VII., bls. 383-384. Leturbreytingar eru mínar, P.S.

c. Þróun ísl

Með kristnitök annarra kristin þetta eru m.a. inna laga þættir bókarnar: „Barn hverigri skepn sem það skal um skírn og verður og ma sem fyrst ken hefðir og regl

Hér var u verið „við lý helst að sjá. um nafngifti mjög óljós. ruglingi og var óalgengt innar eða við ar (konungs öðrum ættur

Hinar dö aldrei lögte sviði – þó 1812, þar se föður þess fyrir nafnb því ári, þar

Árið 18 það dagaði að ætlun fl um manna vera óþarf vera óþörf sem öðru l

Það var að hér yrð

sem

inn-
gimi
s úr
slu:

ógift
lega
það
drún
r og
við
lexi-
það,
son-
éttri
25.
hafi
svo
stað-
ern-
onar
þetta

íðra
eðra
kkt-
nafn
er-
nnd
síð-

rðir
svo
al-
þó

ndir
rðið
m.

c. Þróun íslensks nafnaréttar

Með kristnitöku komst á skírnaðskylda hér á landi, á sama hátt og meðal annarra kristinna þjóða, en nafngjöf fylgdi ávallt skírni í kristnum síð. Um þetta eru m.a. ákvæði í hinum elsta varðveitta kristinrétti okkar, þ.e. í kristinna laga þætti Grágásar, svo sem hann birtist okkur nú í handriti Konungsbókar: „Barn hvert skal færa til skírnar er alið er svo sem fyrst má með hverigri skepnu sem er“, sbr. og: „Hann [þ.e. prestur] skal gefa nafn barninu sem það skal heita.“¹⁰ Í Kristinrétti Árna biskups frá 1275 er einnig kveðið á um skírni og nafngjöf. Þar segir í 8. kapítula: „Ala skal barn hvert er borið verður og manns höfuð er á þó að nokkur örkuml sé á og til kirkju færa svo sem fyrst kemst við og skíra láta prest er honum náir.“¹¹ Síðar þróuðust enn hefðir og reglur um atbeina klerka við nafngiftir ungbarna.

Hér var um að ræða *nafnkvöð* opinberréttarlegs eðlis, sem síðan hefur verið „við lýði“ allt til þessa dags. En að þessari höfuðskyldu frátalinni er helst að sjá, að allt fram á þessa öld hafi að meginstefnu ríkt hér frjálssræði um nafngiftir (þ.e. um nafnaval) og réttarstaða varðandi mannanöfn verið mjög óljós, enda skapaðist smám saman ástand í þessum málum, sem olli ruglingi og vandkvæðum að nokkru marki. Má þar einkum nefna, að ekki var óalgengt að menn skiptu um nöfn að geðþótta sínum og án neinnar gefinnar eða viðtekinnar reglu, en síðar var reyndar farið að leyfa nafnbreytingar (konungsleyfi). Þá tóku ýmsir sér ættarnöfn, sem áður voru þó borin af öðrum ættum í landinu.

Hinar dönsku tilskipanir frá 1828 og 1829, sem fyrr voru nefndar, voru aldrei lögteknar hér á landi. Frá 19. öldinni virðist eina lagaboðið á þessu sviði – þó heldur efnisrýrt – vera að finna í konungsbréfi frá 11. desember 1812, þar sem sagði að rita bæri í kirkjubækur skírnarnafn barns svo og nafn föður þess og móður. Eftir 1874 var heimild til konunglegra leyfisveitinga fyrir nafnbreytingum talin byggjast á ákvæði 13. gr. stjórnarskrárinnar frá því ári, þar sem almennt er kveðið á um leyfisveitingar frá hendi konungs.

Árið 1881 fluttu tveir alþingismenn frumvarp til laga um nöfn manna, en það dagaði uppi á Alþingi. Fram kemur í greinargerð, er frumvarpinu fylgdi, að ætlun flutningsmanna þess var að ráða bót á eftirlitslausum nafnbreytingum manna og glundroða, sem þeim fylgdu, auk þess sem þeim virtist m.a. vera óþarfi að skíra börn fleiri nöfnum en einu. Ættarnöfn töldu þeir bæði vera óþörf og skadleg og vildu stemma stigu við notkun þeirra – og hvað sem öðru liði mætti ekkert ættarnafn enda á „-son.“

Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1912 að nokkur skriður komst á það, að hér yrðu sett almenn lög um mannanöfn, sem sniðin væru að „þörfum

¹⁰ Sbr. Grg. I-a (Khöfn 1852), bls. 3 og 6.

¹¹ Sbr. Norges gamle Love V. (Kria 1895), bls. 19-20.

tímans.¹² Á Alþingi það ár fluttu tveir þingmenn (Guðlaugur Guðmundsson og Stefán Stefánsson í Fagraskógi) frumvarp til laga um nýnefni (þ.e. um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum og um ný nöfn manna), sem átti að ráða bót á ýmsum vandkvæðum, er losaraleg framkvæmd á því sviði hafði valdið. Frumvarpið dagaði að vísu uppi, en Íslandsráðherra (Hannes Hafstein) lýsti því þó yfir í þinginu, að málið yrði tekið upp af stjórnarinnar hálfu á næsta Alþingi, sem og gert var því að á þingi 1913 voru lögð fram tvö stjórnarfrumvörp á þessu sviði, annað um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum og hitt um ný nöfn manna og ættarnöfn. Urðu bæði að lögum. Voru lög nr. 41/1913 hin fyrstu almennu lög um mannanöfn, sem hér hafa gilt.

Eigi er hér ráðrúm til að rita að nokkru marki um efni þessara fyrstu mannanafnalaga okkar, sem um sumt voru allvönduð og að ýmsu leyti betur úr garði gerð en lögín um sama efni frá 1925, sem síðar verður vikið að. Ýmsar reglur voru þar m.a. um eiginheiti, um konungsleyfi til nafnbreytinga og prestum var bannað að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja mætti hneykslanleg, eða færa slík nöfn til bókar. Föðurnafn hvers manns var eiginheiti föður hans, haft í eignarfalli að viðbættum -son, ef karlmaður var, en -dóttir ef kvenmaður var. Lögín nefndu ekki almenna heimild til að kenna sig til móður, en ófæðruð börn skyldi kenna til móðurföður eða þau hafa ættarnafn móður sinnar, ef um það var að ræða. Þá var mönnum og heimilað að taka upp „kenningarnöfn“, en með því var átt við hvert það heiti, er maður hafði í viðbót við eiginheiti og föðurnafn en gekk þó eigi til afkomenda hans. Þurfti til þess opinbert leyfi og fór um það sem um ættarnöfn. Það sem mesta athygli vakti þó við þessi lög – og skapaði heitar deilur manna á meðal – voru þau ákvæði laganna, sem *heimiluðu mönnum að taka upp ný ættarnöfn eftir sérstöku leyfi*. Höfðu fylgismenn þeirrar nýbreytni m.a. rökstutt til lögur sínar með því, að sökum vaxandi samskipta Íslendinga við erlenda menn gæti þeim verið óhagkvæmt að fylgja eingöngu kenningarnafnasilum, sem væru annarra þjóða mönnum framandi eða jafnvel óskiljanlegir og sem gætu jafnvel staðið í vegi fyrir eðlilegum samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir og hamlað greiðum viðskiptum. Lögín tóku gildi 1. janúar árið 1915 og voru þau þá gefin út á vegum stjórnarráðsins ásamt álit og skráum þriggja manna nefndar, er falið hafði verið að gera skrár um „orð og heiti, er fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum, skrá um góð forn og ný eiginheiti“ o.fl. Skrá um eiginheitin var að vísu eigi samin en hins vegar birti nefndin nú ít- arlegar skrár um heppileg ættarnöfn, sem nútímamönnum má vissulega þykja merkilegt lesefni. Þótt eigi verði dregið í efa, að hinir þrír þjóðkunnu nefndarmenn hafi verið öndvegismenn um vitsmuni og menntun (skáldið *Einar Hjörleifsson (Kvaran)*, *Guðmundur Finnbogason* landsbókavörður og

¹² Fáum árum áður hafði verið komið á löggjöf um tiltekna þætti nafnaréttar á sviði viðskipta og fjármála, sbr. firmalögín frá 1903, vörumerkjalögín frá sama ári og lög um rithöfundarétt og prentarétt frá 1905.

Pálmi
lögur þ
árása,
töldu a
framtíð
Gilt
bráðle
notað
24511-
þessa
aðeins
ingarr
einvö
bera þ
Sv
margj
þriðja
lögín
þeirra
beittu
ur þe
mann
efni f
L
41/19
kunn
gagn

13 Ne
nefna.
Snorr.
Hlúða
Norða
hið sa.
Kenna
ið dr.
(Brú
nöfn
nefni
14 St
15 L.
(1923
16 St
ar og
var. o
um a

mundsson
(þ.e. um
tti að ráða
ði valdið.
tein) lýsti
u á næsta
ómarfum-
og hitt um
/1913 hin

ara fyrstu
leyti betur
vikið að.
rbreytinga
telja mætti
var eigin-
ur var, en
að kenna
a hafa ætt-
eimilað að
, er maður
ítkomenda
2. Það sem
ma á með-
ny ættar-
ökstutt til-
ið erlenda
ifnasiðum,
gir og sem
i við aðrar
árið 1915
ím þriggja
ii, er fallin
heitti“ o.fl.
ndin nú ít-
vissulega
þjóðkunnu
n (skáldið
ivörður og

viði viðskipta
öfundarétt og

Pálmi Pálsson yfirkennari (íslenskukennari) við Menntaskólann), voru tillögur þeirra um sumt framandi og urðu þær tilefni mikilla deilna og snarpra árása, einkum frá andstæðingum ættarnafna en einnig frá ýmsum öðrum, er töldu að nefndin hefði a.m.k. eigi hitt á réttan farveg í tillögugerð sinni um framtíðarskipan reglna um ættarnöfn.¹³

Gildistími laga þessara varð eigi langur, því að lög nr. 54/1925 leystu þau bráðlega af hólmi. Þetta tíu ára tímabil (1915-1925) var þó sannarlega „vel“ notað til upptöku nýrra ættarnafna, en þau urðu hvorki fleiri né færri en 245!¹⁴ Má heita að þetta endurspegli tiskustefnu á þessum tíma, en leyfum í þessa átt fór þó heldur fækkandi er leið á tímabilið (síðustu fimm árin var aðeins leyfð upptaka 56 ættarnafna). Þá var og leyfð upptaka tveggja „kenn-ingarnafna“, en í öðru fallinu voru nafnberar sex.¹⁵ Kenningarnafn var einvörðungu bundið við persónu þess, er fengið hafði formlegt leyfi til að bera það.

Svo sem fyrr segir mættu lögin frá 1913 þegar í upphafi mikilli andstöðu margra manna og ekki bætti framkvæmd þeirra úr skák (leyfi fyrir upptöku á þriðja hundrað nýrra ættarnafna). Gætti smám saman vaxandi andstöðu við lögin á Alþingi, þar sem Bjarni Jónsson frá Vogu beitti sér mest fyrir afnámi þeirra, einkum vegna ættarnafnanna, sem hann var mjög andsnúinn. Einnig beittu ýmsir þjóðkunnir merkismenn sér gegn lögunum utan þings.¹⁶ Árangur þessarar andstöðu varð að lokum sá, að Alþingi samþykkti ný lög um mannanöfn árið 1925, sem stóðu allt til þess að sett voru lög þau um sama efni frá 1991, er nú gilda.

Lög um mannanöfn nr. 54/1925 voru um margt ófullkomnari en lög nr. 41/1913 og framkvæmd þeirra varð með þeim hætti – er fjölmörgum er kunnugt um – að það var því líkast sem væru þau dauður bókstafur, pappírs-gagn eitt. Á þeim hálfum sjöunda áratug, er þau áttu að heita landslög, urðu

13 Nefndin lagði til, að ný ættarnöfn yrðu mynduð eftir ákveðnu kerfi. Sem dæmi um þetta má nefna, að ef maður vildi kenna sig við föður eða ættföður, sem hét Snorri, yrði ættarnafnið Snorran. Vildi hann kenna sig við bæ, sem t.d. heitir Bakki eða Hlíð, yrði ættarnafnið *Bakkan*, *Hlíðan* (an merkir „hreyfingu frá“; á skránni voru einnig ættarnöfnin *Austan*, *Vestan*, *Sunnan* og *Norðan*!). Vildi maður kenna sig við ættmóður sína, er hét Hrefna, yrði ættarnafnið *Hrefnon* og hið sama átti við um staðanöfn, sem enda á a: *Áson*, *Geiron*, *Katlon*, *Tungon*, *Leiron*, *Hriflon*. Kenndu með sig til fjarðar mátti ættarnafnið verða fer: *Breiðfer*, *Paifer*, *Önfer*. Væri ættarnafnið dregið af bæjarnafni, sem hefur endinguna *staður*, yrði ættarnafnsendingin *star*: *Brússtar* (*Brúastaðir*), *Hösstar* (*Höskuldsstaðir*), *Vakstar* (*Vakursstaðir*). Virtust nefndinni „slík ættarnöfn allfögur og hagkvæm“, en þar voru ýmsir mætir menn ekki á sama máli! Þessar tillögur nefndarinnar birtust í ritinu „Íslensk mannanöfn – Lög, nefndarálit og nafnaskrár“ (Rvík 1915).

14 Sbr. tainingu *Baldurs Guðlaugssonar* í fyrrnefndir grein hans í *Úlfjótí* 1969, á bls. 140.

15 Leyfi voru veitt til sex barna *Einars Benediktssonar* (1916) og handa *Halldóri Laxness* (1923).

16 Sbr. t.d. hina hörðu gagnrýni, sem kom fram í kunnum fyrirlestri *Árna Pálssonar*, bókavardar og sagnfræðings, er hann hélt á vegum Alþýðufræðslu Stúdentafélagsins 1916, og sem birtur var, undir fyrirsögninni „Um ættarnöfn“, í rit safni hans „Á við og dreif“ (Rvík 1947). Var þar um að ræða meistaralegan og vel rökstuddan áróður gegn ættarnöfnum.

þau ekki til að auka virðingu almennings fyrir lögum og rétti: Börn voru skírð og þeim nöfn gefin, sem alls ekki fengu samræmst ákvæðum laganna, og þess eru jafnvel dæmi að prestar hafi gefið börnum hrein og bein ónefni, ef um var beðið. Notkun ættarnafna – jafnt þeirra sem leyfð höfðu verið og annarra, ólöglegra – og ýmis konar „kenningarnafna“, sem voru „handan við lög og rétt“ - fór úr böndum og varð stjórnlaus, enda lengst af engin yfirvöld sem vildu sinna þessum málum af viti. Fá lög hafa sennilega verið brotin jafn oft ef undan eru skilin umferðarlögin, en þess munu þó engin dæmi að neinn hafi orðið að sæta viðurlögum vegna þeirra brota og lítt munu kirkju- leg yfirvöld hafa áminnt klerka vegna atbeina þeirra að lögbrotunum. Ég minnst þess, að er ég var í laganámi á sinni tíð var þessi lagabálkur oft tekinn sem dæmi um gagnslaus og mislukkuð ákvæði, sem mættu vera verðandi lögfræðingum og lagasmiðum til viðvörunar!

Í lögunum, sem reyndar voru fáorð og efnislítill, gaf m.a. að finna reglur, sem lögðu á hömlur við val eiginnafna: Hver maður skyldi heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi. Ekki máttu menn bera önnur nöfn en þau, er „rétt voru að lögum íslenskrar tungu“, en prestar skyldu hafa eftirlit með því, að þessum ákvæðum væri fylgt. Kæmi til ágreinings um nafn, skyldi heimspekideild Háskólans skera úr. Gert var ráð fyrir leyfi til að breyta „þþjóðlegum, klaufalegum og erlendum nöfnum.“ Framangreind skilyrði laganna um nafngjöf reyndist örðugt að túlka af viti, enda var þeim illa framfylgt svo sem fyrr segir og margir prestar a.m.k. brugðust eftirlitsskyldu sinni þótt ekki verði það sagt um þá alla. Þrátt fyrir allt ónefnafarganið, sem fram fór átölulaust um margra áratuga skeið, mun það eigi hafa verið fyrr en árið 1959 – eða um hálfum fjórða áratug eftir að lögin voru sett – að prestur skaut fyrst ágreiningi um nafn til heimspekideildar, en síðar fór það reyndar nokkuð að tíðkast, sem kann e.t.v. að bendi til einhverrar hugarfarsbreytingar meðal prestastéttarinnar á síðari hluta gildistímils laganna.

Það var vissulega megintilgangur þeirra, er helst börðust fyrir afnámi mannanafnalaganna frá 1913 og beittu sér um leið fyrir setningu hinna nýju laga 1925, að komið yrði í veg fyrir myndun nýrra ættarnafna, og birtist sá vilji skýrlega í lögunum, en á hinn bóginn leyfðu lögin þó áframhaldandi notkun eldri ættarnafna *innan vissra marka*: Þeir íslenskir þegnar og niðjar þeirra, er báru ættarnöfn, sem eldri voru en frá þeim tíma, er lög nr. 41/1913 gengu í gildi, máttu halda þeim, enda hefðu þau ættarnöfn, sem yngri voru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild. Sama var um þá erlenda menn, er til landsins fluttust. Þeir íslenskir þegnar og börn þeirra, er við gildistöku laganna frá 1925 báru ættarnöfn, sem upp höfðu verið tekið síðan lög nr. 41/1913 gengu í gildi, máttu halda þeim alla ævi. Konur þeirra manna, sem rétt höfðu til þess að bera ættarnöfn, máttu nefna sig ættarnafni manns síns. Svo mikið er þó víst, að eigi reyndist unnt að standa

gegn marg
anna, og
að vitanle
má nefna.
fengið he
ættarnöfn
lega tína
nafnalaga
komi til

3. Til

Að sjálf
liðnum
komin
a.m.k. t
lögin og
Á A
nýrra la
nefnd.
það að
um ætt
vissum
Skemrr
hafa ná
Leið
tvívegi
92. lög
ríkisstj
sem f
reynda
sem fr
úr gar
glegga
stemm
manna
nöfn
nafn
um.
trygg
lög.
sem

Börn voru
n laganna,
ein ónefni,
u verið og
andan við
in yfirvöld
erið brotin
r dæmi að
nu kirkju-
unum. Ég
ur oft tek-
a verðandi

na reglur,
a einu ís-
og jafnan
menn bera
en prestar
Kæmi til
ert var ráð
nófnunum.”
lka af viti,
tar a.m.k.
Þrátt fyrir
keið, mun
ug eftir að
eimspeki-
ad benda
hluta gild-

fir afnámi
linna nýju
; birtist sá
nhaldandi
og niðjar
: 41/1913
ngri voru
ild. Sama
ar og börn
jöfðu ver-
ævi. Kon-
nefna sig
að standa

gegn margvíslegri notkun ættarnafna, sem eigi fékk samrýmst ákvæðum laganna, og hefur það valdið ýmsum vandkvæðum, ruglingi og sárindum (því að vitanlega er hér um að ræða mikið tilfinningamál fyrir marga). Sem dæmi má nefna, að algengt hefur verið að firmari *niðjar* en börn þeirra manna, er fengið höfðu heimild til töku ættarnafns á tímabilinu 1915-1925, noti þau ættarnöfn í leyfisleysi og þá einnig oft makar þeirra, en fleira mætti sannarlega tína til. Þessi „draugur“ fylgir okkur enn þrátt fyrir tilkomu mannanafnalaganna frá 1991, og óvíst er hvort eða hvenær þeir særingameistarar komi til skjalanna, sem geti kveðið hann niður.

3. Tilraunir til lagasetningar

Að sjálfsögðu gerðu margir mætir menn – þ.á m. ráðamenn – sér fullljóst á liðnum áratugum, að mannanafnalögin frá 1925 væru að ýmsu leyti ófullkomin smíð og að framkvæmd þeirra væri einnig mjög ábótavant. Voru a.m.k. tvívegis gerðar alvarlegar tilraunir fyrir á árum til þess að endurskoða lögin og setja ný, en báðar mistókust.

Á Alþingi 1955 (75. löggjafarþingi) var lagt fram stjórnarfrumvarp til nýrra laga um mannanöfn, og var það samið af fjögurra manna stjórnskipaðri nefnd. Nefndarmenn höfðu þó eigi getað náð saman um sum atriði, og veikti það að sjálfsögðu frumvarpið. Einkum voru skoðanir nefndarmanna skiptar um *ættarnöfnin*. Þrír þeirra lögðu til, að leyfð yrði *upptaka ættarnafna með vissum skilyrðum*, en einn nefndarmaður gat eigi fallist á þá niðurstöðu. Skemmst er frá því að segja, að þetta frumvarp dagaði uppi enda mun ekki hafa náðst nein samstaða um það meðal þingmanna.

Leið nú rúmur hálfur annar tugur ára, en þá urðu þau tíðindi árið 1971 að tvívegis var lagt fram frumvarp til nýrra laga um mannanöfn, þ.e. á 91. og 92. löggjafarþingi. Dagaði frumvarpið uppi í hið fyrra sinnið en var vísað til ríkisstjórnarinnar í hið síðara (þ.e. fellt með kurteislegum hætti). Hér var sem fyrir um stjórnarfrumvarp að ræða, samið af þar til skipaðri nefnd, sem reyndar var nú sammála í tillögugerð sinni. Í athugasemdum nefndarinnar, sem frumvarpinu fylgdu, sagði m.a., að nefndin hefði reynt að gera það svo úr garði að íslensk mannanöfn gætu valdið því hlutverki sínu að vera til sem gleggstra auðkenna á mönnum. Þá hafi einnig verið haldið þeirri stefnu að stemma stigu við fleirnefnum en leyfa þó tvínefni og stuðla að því að íslensk mannanöfn væru í samræmi við íslenskt málkerfi og koma í veg fyrir að nöfn verði nafnbera til ama og óþæginda. Lagt væri til, að barni skuli valið nafn innan hæfilegs tíma en um það skorti að mestu ákvæði í gildandi lögum. Jafnframt sagði, að ljóst væri að mannanafnalög misstu marks nema tryggilegt eftirlit væri haft með því að nöfn væru valin í samræmi við slík lög. Talið var, að með tilkomu Þjóðskrár hefðu fengist úrræði og stofnun, sem álitlegt væri að virkja í þessu efni, en auk þess var lagt til, að sett yrði á

lagginnar sérstök mannanafnanefnd. Þá var og miðað við, að nöfn gefin börnum fengjust ekki færð á Þjóðskrá nema þau væru lögmæt. Jafnframt skyldi kenningarnafn barns vera í samræmi við Þjóðskrá, þannig að barn væri þar annað hvort kennt til eiginnafröður eða móður eða hefði ættarnafn þeirra. Ákvæði frumvarpsins byggðust sannarlega á mikilli tillitssemi við þá, sem borið höfðu ættarnöfn (þ.á m. óleyfileg nöfn) átölulaust um langt skeið, enda töldu nefndarmenn að nafn væri persónulegt málefni og varðaði tilfinningar manna og að fara bæri með aðgát að lagasetningu um slíkt persónu- og mannréttindasvið. Var gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að *ættarnöfn (lögleg sem ólögleg), er íslenskir ríkisborgarar bæru við gildistöku laganna, mættu haldast*, en jafnframt var lagt til, að heimilt yrði, með ráðuneytisleyfi, að *taka upp ný ættarnöfn, enda væru þau íslensk og í samræmi við íslenskt málkerfi*.

Menntamálanefnd Efri-deildar Alþingis, sem fékk frumvarpið til meðferðar, gat eigi fallist á þær hugmyndir, er þar birtust um upptöku nýrra ættarnafna, og lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, sem og gert var, en frumvarpið var aldrei endurflutt í breyttri mynd.

Þess má geta, að árið 1986 ályktaði kirkjuþing um, að ráðherra beitti sér fyrir endurskoðun á lögum um mannanöfn, og mun það, ásamt öðru, hafa leitt til þess, að í októbermánuði 1989 skipuðu stjórnvöld nefnd fjögurra valinkunnra manna, karla og kvenna, sem semja skyldi frumvarp að nýrri lög-gjöf um mannanöfn. Lauk nefndin starfi sínu með samningu ítarlegs frumvarps (ásamt athugasemdum), sem lagt var fram á 113. löggjafarþingi 1990 og varð síðan, með litlum breytingum, að lögum um mannanöfn nr. 37/1991. Studdist nefndin reyndar mjög við fyrrnefnda frumvarpið frá 1971, en þó var blæbrigðamunur á ýmsu, sbr. t.d. að eigi var nú lagt til að upptaka nýrra ættarnafna yrði heimilud þótt hin „gömlu“ ættarnöfn (hvort heldur lögleg sem ólögleg) fengju að standa framvegis.

4. Um lög nr. 37/1991

a. Almenn

Með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 37/1991, var vissulega stefnt að réttarbotum og þegar á heildina er lítið verður eigi annað sagt en að lögin, sem eru ítarleg og efnismikil, beri með sér verulega framför frá því sem var samkvæmt lögnum frá 1925, þótt einstök atriði eða efnisþættir laganna séu umdeilanlegir eins og flest annað í lögum, sjá nánar síðar. Verður heldur ekki dregið í efa, að nefnd sú, er frumvarpið samdi, hafi unnið starf sitt af fullri einlægni og þekkingu (eftir því sem til vannst) og þótt „vilji löggjafans“ sé að vísu ákaflega loðið og teygjanlegt hugtak í lögfræðinni, svo ekki sé meira sagt, verður heldur ekki annað séð en að meðal alþingismanna

hafi ríkt nokk þjóðinni.¹⁷ H birtist „forsj notkun frjáls orði komast. þeirri megin breytingar v

Á þessu gert til hæf mannanafna heyrðust síu flutning fjö enda koma um óblíðar kunnur má grein í Mo þáverandi i Sagði hann

Það er óhá senn útlens sama hátt c hægrí hend Vald. sem vera til í l skerða sjál reyna að he verður sú r

Síðar þótt hann mestu fre taka sæti nefnd. He

Þá m kunnáttu greinar nefnir „f

17 Af þess ríkt meða á því í me 18 Tilv. r blaðsins

gefin
ramt
barn
ttar-
semi
um
í og
í um
1. að
ldis-
með
sam-
neð-
ætt-
gert
í sér
hafa
val-
lög-
um-
1990
991.
í var
ætt-
sem

hafi ríkt nokkur samhugur um ýmsar þær réttarbætur, sem lögín áttu að færa þjóðinni.¹⁷ Hvað sem öðru líður verður því ekki í móti mælt, að í lögnum birtist „forsjárhyggja“, þ.e. að ríkisvaldið vill ekki gefa nafnaval og nafnotkun frjálsa heldur vill löggjafinn hafa „vit fyrir almenningi“, ef svo má að orði komast. Þar eð um svo nýja löggjöf er að ræða má ólíklegt teljast að frá þeirri meginstefnu verði horfið fyrst um sinn þótt líklegt sé að einhverjar breytingar verði gerðar á lögnum áður en mjög langt um líður.

Á þessu sviði, sem ýmsum öðrum, sannaðist þó, að seint verður öllum gert til hæfis því að eigi verður með sanni sagt, að allir hafi tekið nýju mannanafnalögnum fegins hendi í upphafi og enn fleiri óánægjuraddir heyriðust síðar, þegar tekið var að framfylgja lögnum! Ef marka má fréttatflutning fjölmiðla virðast fá lög hafa orðið umdeildari hin síðari misserin, enda koma þau vissulega við tilfinningar og hagsmuni margra. Sem dæmi um óblíðar viðtökur, sem lögín fengu í „bernsku“ sinni, má nefna að valinkunnur málvísindamaður, *dr. Halldór Ármann Sigurðsson*, ritaði gagnorða grein í Morgunblaðið snemma árs 1993 (þegar mikill styr stóð um starfsemi þáverandi mannanafnanefndar), undir fyrirsögninni „Ólög um mannanöfn.“ Sagði hann þar m.a., afdráttarlaust:

Það er óhæfa að banna tiltekin mannanöfn með lagaboði, jafnvel þótt þau séu allt í senn útlensk, ósamrýmanleg íslensku málkerfi og afkáraleg. Svona nokkurn veginn á sama hátt og það er óhæfa að setja lög þess efnis að menn megi ekki halda á gaffli í hægri hendi, vera flámæltir, klæðast skræpöttum fötum ellegar mála hús sín svört. Vald, sem getur bannað foreldri að skíra barn sitt einhverju tilteknu nafni, á ekki að vera til í lýðræðisþjóðfélagi . . . Alþingismenn hafa sett óframkvæmanleg lög sem skerða sjálfsgöð mannréttindi . . . Þessum sömu alþingismönnum væri sæmra að reyna að hemja bannfýsn sína og hugsa áður en þeir setja landsmönnum lög. Vonandi verður sú raunin þegar þeir afnema núgildandi mannanafnalög og setja ný.

Síðar varð þó Halldóri ljóst, að lögín voru þrátt fyrir allt framkvæmanleg, þótt hann sé enn þeirrar skoðunar að heppilegast sé að almenningur hafi að mestu frelsi um nafnaval handa börnum sínum. Féllst hann um síðir á að taka sæti í nefnd þeirri, er á að annast framkvæmd laganna, mannanafnanefnd. Hefur hann síðan gegnt þar starfi nefndarformanns með sóma.

Þá má einnig nefna, að *dr. Hermann Pálsson*, sem er mikill áhuga- og kunnáttumaður um mannanafnafræði, hefur gagnrýnt lögín harðlega og ritað greinar um það efni. Í grein, er hann birti í *Úlfjótí*, 1. tbl. 1992, og hann nefnir „Hugleiðing um mannanöfn“, segir hann m.a.:¹⁸

¹⁷ Af þessum orðum má þó ekki draga þá ályktun að lítt athuguðu máli, að alger samhugur hafi ríkt meðal þingmanna um einstök efnisatriði frumvarpsins, því að ýmsar breytingar voru gerðar á því í meðförum þingsins, sem þó eru hvorki tók á né næg ástæða til að fjalla nánar um hér.

¹⁸ Tilv. ritg. á bls. 51. Sjá einnig greinar eftir sama höfund um svipað efni í *Lesbók Morgunblaðsins* 26. október 1991, 2. nóvember 1991 og 13. júní 1992.

Þau lög um mannanöfn og -kvenna, sem gengu í gildi á allra heilagra messu í fyrra, eru svo illa úr garði gerð að undrum sætir, enda er þess að vænta að Alþingi iðrist brátt slíkrar skyssu og gefi þjóðinni ný lög, sem enginn þarf að bera kinnroða fyrir. Nafnalögin, sem þjóðin hefur nú orðið að þola um átta mánaða skeið, hafa þann megingalla að tilgangur þeirra er engan veginn ljós, enda mun höfunda þeirra naumast hafa órað fyrir hvern slóða þau kunni að draga ef þeim verður langlífis auðið. Hitt má einnig teljast mikill ljóður hve hart nafnalögin leika móðurmálið; óskýr hugsun og klaufalegt orðalag haldast í hendur frá upphafi þeirra og allt fram til endaloka.

Svo sem áður hefur komið fram og einnig skýrist síðar get ég þó, hvað sem öðru líður, engan veginn fallist á, að hér sé um „ólög“ að ræða, þótt lög-in séu ekki gallalaus frekar en flest önnur mannanna verk, og víst eru þau framkvæmanleg hvað sem öðru líður.

Hið stutta „æviskeið“ laganna hefur vissulega einkennst nokkuð af ófriði um þau, kærur til umboðsmanns Alþingis og harkalegri og neyðarlegri fjölmiðlaumfjöllun, þar sem ýmsum hefur m.a. gefist kostur á að veða að starfi mannanafnanefndar (ekki alltaf af mikilli þekkingu eða sanngirni), auk þess sem nefnd sú, er fyrst sat samkvæmt lögunum, taldi aðstöðu sína vera bágborna að ýmsu leyti og margt vera henni andsnúið – og fóru svo leikar að hún sagði af sér á fyrri hluta árs 1993. Héldu þá varamenn uppi nefndarstarfinu um nokkurt skeið, en ný nefnd var síðan skipuð á miðju ári. Má heita að sæmilegur friður hafi verið um starf hennar þótt ætíð megi greina einhverjar blikur á lofti.

Að sjálfsögðu hefur mannanafnanefnd allt frá upphafi hafnað ýmsum umsóknum um nafngiftir, sem eigi fá staðist samkvæmt lögunum að hennar mati, og hlýtur svo að verða meðan Alþingi sér ástæðu til að hafa starfandi einhverja nefnd, er hafi neitunarvald á þessu sviði. Hefur höfnun á nafnbeiðni oft komið illa við hlutaðeigandi aðstandendur barna og vakið reiði þeirra og sárindi. Hafa reyndar ýmsir þeirra gefið í skyn eða jafnvel fullyrst opinberlega að þeir muni hvergi beygja sig fyrir nefndinni; muni þeir kalla börnin hinum „bönnuðu“ nöfnum fullum fetum þótt eigi fáist þau skráð með formlegum hætti. Í októbermánuði 1993 kom t.d. móðir sveinbarns, sem skíra átti nafni, er eigi fékkst leyfi til, fram í sjónvarpi og lýsti því yfir, að drengurinn yrði aldrei kallaður annað en því nafni, hvað sem misvitrir nefndarmenn segðu!

Sá styr, sem staðið hefur um framkvæmd laganna, hefur vakið athygli ráðamanna og vorið 1993 lýsti dómsmálaráðherra því yfir á Alþingi, að hann myndi hlutast til um endurskoðun laganna við fyrsta tækifæri. Var sérstök nefnd skipuð í því augnamiði nokkrum mánuðum síðar. Enn veit þó enginn hvaða breytingatillögur kunna að verða ofan á, hvenær lögunum verði breytt eða jafnvel hvort þeim verði nokkuð breytt á næstu árum.

b. Hlutverk stj

Svo framarlega se pappírsgagn eitt kvæmd þeirra og framkvæmd þeirra

Ég tel, að lög hlutverki, að því stjórnkerfi, sem reynsla, sem fer sýnir að mínum leg, þrátt fyrir yr

Að mínu ma skurðir mannan og það er orðað skotið til efnisla því, að pólitísk kvæmum og pe ráðuneytis felst gegni skyldu sin an tilskilins fre starfskvöðum.

samkvæmt löge vera að betra he fyrir sagði. Í ljó óhaganlega orð mál er varða m ferð einstakra endanlegt úrsk sýslusvið heyr nefndarinnar. því að mæla fy framt tekið ák dómstóla. Eigi ákvæðið á þá nefndin hafi g eigandi stjóm finna í hinum staðið að með afstöðu til hin ar. Með þessu markað með Mikilvægt

b. Hlutverk stjórnvalda

Svo framarlega sem mannanafnalögin nýju eiga að verða annað og meira en pappírsgagn eitt verða þar til bær *stjórnvöld* að annast eftirlit með framkvæmd þeirra og skera af röggsemi úr álitaeftum og ágreiningi, er varðar framkvæmd þeirra.

Ég tel, að löggjafinn hafi nú séð fyrir stjórnkerfi, sem á að valda þessu hlutverki, að því leyti sem unnt er að tryggja slíkt með lagasetningu. Það stjórnkerfi, sem lögin gera ráð fyrir, er a.m.k. *frambærilegt* og hin stutta reynsla, sem fengist hefur, ekki síst eftir að ný mannanafnanefnd tók við, sýnir að mínum dómi, að lögin eru, hvað sem öðru líður, vel *framkvæmanleg*, þrátt fyrir ýmsar hrakspár í gagnstæða átt og harða gagnrýni.

Að mínu mati var það rétt ákvörðun löggjafans að mæla fyrir um, að úrskurðir mannanafnanefndar skuli vera *endanlegir* („fullnaðarúrskurðir“, eins og það er orðað), sbr. 2. mgr. 18. gr. laganna, sem tákna að þeim verður eigi skotið til efnislegrar úrlausnar ráðuneytis með stjórnmlegri kæru. Illa færi á því, að pólitískur embættismaður, ráðherra, hefði úrskurðarvald í jafn viðkvæmum og persónulegum málum sem hér um ræðir. Hlutverk ráðherra og ráðuneytis felst hins vegar m.a. í eftirliti með því, að mannanafnanefnd gegni skyldu sinni, vinni að málum með eðlilegum hætti og afgreiði þau innan tilskilins frests og að nefndin gegni ráðgjafarskyldu sinni og sinni öðrum starfskvöðum. Þar að auki hefur ráðuneytið sjálfstætt vald á tilteknu sviði, samkvæmt lögunum, t.d. í sambandi við nafnbreytingar o.fl., en vel má þó vera að betra hefði verið að fela nefndinni einnig vald á því sviði, sbr. það er fyrir sagði. Í ljósi þess, er nú var sagt, verður að telja ákvæði 25. gr. laganna óhaganlega orðað og villandi, þar sem segir að dómsmálaráðlhera „fari með mál er varða mannanöfn.“ Þar getur a.m.k. ekki verið átt við efnislega meðferð einstakra mála, sem heyra undir mannanafnanefnd og sem hún hefur endanlegt úrskurðarvald um, heldur tákna þetta einungis, að þetta *stjórnsýslusvið* heyri undir þann ráðherra, þ.á m. almennt eftirlit með störfum nefndarinnar. Aftur móti kann að vera álitaefti hvort löggjafinn hafi, með því að mæla fyrir um að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir, í reynd jafnframt tekið ákvörðun um, að þeim úrskurðum verði með engu móti skotið til dómstóla. Eigi verður þó með réttu talið, að svo sé, heldur verður að skýra ákvæðið á þá leið, að dómstóll sé ávallt bær til þess að skera úr því, hvort nefndin hafi gætt réttra aðferða við meðferð máls o.p.h., t.d. farið eftir viðeigandi stjórnsýslureglum, hvort heldur sem þær eru ólögfestar eða gefur að finna í hinum nýju stjórnsýslulögum. Telji dómstóll að réttilega hafi verið staðið að meðferð einstaks máls, hafi hann eigi vald til þess að taka frekari afstöðu til hinnar eiginlegu (efnislegu) niðurstöðu eða úrskurðar nefndarinnar. Með þessum hætti hefur vald dómstóla á þessu afmarkaða sviði verið takmarkað með lögum svo sem ýmis önnur dæmi eru um í okkar rétti.

Mikilvægur liður í því stjórnsýslukerfi, sem kveðið er á um í manna-

nafnalögunum, er *Hagstofa Íslands (Þjóðskrá)*, en fullyrða má, að starfsmenn þar á bæ hafi gætt mjög vel skyldu sinnar við nafnskráningar samkvæmt lögunum og haldið vöku sinni gagnvart nöfnum, sem ekki eru á mannanafnaskrá.

Eigi skal undan dregið, að nefndinni getur verið umtalsvert aðhald í starfsemi embættis *umboðsmanns Alþingis*, en til hans hafa nokkrir þeirra, sem hafa orðið að sæta höfnun á nafnbeiðnum, snúið sér með kæru á hendur nefndinni eins og þeim er heimilt lögum samkvæmt. Enn hafa þess háttar kærur þó eigi leitt til „áfellisdóma“ yfir nefndinni. Að sjálfsögðu væri nefndin ekki formlega bundin við neikvæðar álitserðir umboðsmanns Alþingis, ef á reyndi, en hins vegar má ætla að hún tæki þær til alvarlegrar athugunar og að þær hefðu þannig áhrif á störf nefndarinnar þegar til lengri tíma væri litið.

Það tilheyrir góðum stjórnsýsluháttum, á þessu sviði sem öðrum, að mannanafnanefnd setji sér vandaðar *vinnulagsreglur* varðandi þau framkvæmdar- og túlkunaratriði laganna, sem helst reynir á, enda sé hún sjálf bundin af þeim reglum, er hún setur sér og hefur kynnt fyrir almenningi. Miðar þetta m.a. að því að tryggja það, að þeir sem til nefndarinnar leita og óska eftir úrskurði hennar um einstök nöfn, sitji allir við sama borð („jafnræðisreglan“) og að nefndin verði aldrei með réttu sökuð um að láta niðurstöður mála fara eftir geðþótta sínum. Sú mannanafnanefnd, sem skipuð var sumarið 1993 og nú starfar, hefur sett sér þess háttar *vinnulagsreglur* um þau atriði laganna, sem mestu skipta í störfum hennar við úrlausn flestra mála. sbr. nánar síðar.

c. Nánar um efni laganna

Á þessum vettvangi eru eigi tók á tæmandi greinargerð um alla eða flesta efnisþætti mannanafnalaganna, sökum þess hversu ítarleg þau eru, heldur mun ég einungis benda á nokkur atriði þeirra, sem ég tel einkum áhugaverð eða gagnrýnisverð eða þar sem virðast má, að málum hefði mátt haga á annan veg. Mörgum atriðum laganna er ég vissulega sammála eða mér hafa a.m.k. ekki hugkvæmst betri lausnir en þar eru á borð bornar.

Athygli vekur, að í 1. mgr. 1. gr. er kveðið á um, að hverju barni skuli að vísu gefa eiginnaft, en þó *eigi fleiri en þrjú*. Hér er tvímælalaust vikið mjög frá hinni fornu nafnahefð Íslendinga, þar sem *einnefni* voru algengust, þótt *tvínefni* þekktust einnig á ýmsum tímum. Þrínefni (eða enn fleiri nöfn á sama manni) komu hins vegar mjög seint til sögunnar hér og þá einvörðungu vegna erlendra (danskra) áhrifa. Í frumvarpi til laganna var „hámarkið“ sett við *tvö* nöfn, svo sem skynsamlegt er, en markið var síðan hækkað í meðförum frumvarpsins á Alþingi eftir tillögu menntamálanefndar Efri-deildar, án skiljanlegs rökstuðnings.¹⁹ Eigi get ég með neinu móti séð næg rök fyrir því að nokkur Íslendingur þurfi að bera þrjú eiginnöfn til auðkenningar eða að-

greiningar frá leyfa eða tíðka daglegu tali – þó nokkur heilvita við endurskoðu 1925, þar sem Samkvæmt upplýsingar mjög fá 37/1991.

Í 1. málslíð eða hafa unnið að finna neina ur á því hvað að vísu heimi þessi hugtök – verði. Verður setja sér þar þess að *jafnræði* er fylgdi frum bendingu í þe ræmst orðala.

19 Ljóst er, að skoðun sína má leyti kemur ými barn ekki bera þ landi að ég hyg „Af hverju á þa um? Ég þekki y til ama eða leið. þessum undarle tveimur nöfnum lögum. En það þremur nöfnum til þess að barn sem engin hald Þjóðskrár eða í inni í kerfinu. E framsögu ráðh og barna til þe rökum af því t ansa ekki slíkt svo haganlega menn hefðu e tekinn að bera brtt., en helst þ

starfs-
r sam-
eru á

í starf-
a, sem
hendur
í háttar
nefnd-
ngis, ef
mar og
ri litið.
um, að
í fram-
ún sjálf
enningi.
leita og
(„jafn-
a niður-
puð var
um þau
ra mála.

Þa flesta
i. heildur
lugaverð
ga á ann-
nér hafa

í skuli að
kið mjög
gust, þótt
í nöfn á
vörðungu
rkið“ sett
í meðför-
eildar, án
: fyrir því
ur eða að-

greiningar frá náunganum og ætti okkur að varða litlu hvað aðrar þjóðir leyfa eða tíðka í því efni. Enginn maður er heldur nefndur þrem nöfnum í daglegu tali – þótt vel sé það unnt um mörg tvínefni – og varla mun heldur nokkur heilvita maður rita nafn sitt með þeim hætti. Þyrfti að breyta þessu, við endurskoðun laganna, í það horf, sem mælt var fyrir um í lögunum frá 1925, þar sem sagt var að ekki mætti gefa barni fleiri en tvö eiginnöfn. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (Þjóðskrá) eru þeir einstaklingar mjög fáir, sem gefin hafa verið þrjú eiginnöfn eftir gildistöku l. 37/1991.

Í 1. málslíð 1. mgr. 2. gr. laganna segir, að eiginnafn skuli vera „íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.“ Í lögunum gefur hins vegar hvorki að finna neina skýringu á hugtakinu „íslenskur“, í þessu sambandi, né heldur á því hvað átt sé við með „hefð.“ Um þessi atriði væri dómsmálaráðherra að vísu heimilt að kveða nánar á í reglugerð (sbr. 25. gr.), þ.e. að skýra þar þessi hugtök – „útfæra“ þau – en svo hefur ekki verið gert og ólíklegt að gert verði. Verður því mannanafnanefnd að túlka þessi ákvæði eftir bestu getu og setja sér þar ákveðnar og fastmótaðar viðmiðanir í vinnulagsreglum, m.a. til þess að *jafnræðisreglunnar* sé gætt, sbr. það sem fyrr sagði. Greinargerð sú, er fylgdi frumvarpi til núgildandi mannanafnalaga, gefur litla sem enga vísbendingu í þessu efni og er orðalag þar óskýrt um þetta og fær ekki vel samræmst orðalagi laganna sjálfra. Vart ætti að þurfa að taka fram, að þegar svo

19 Ljóst er, að þeir þingmenn, er einkum hölluðust að því að þrínefni yrðu leyfð, byggðu þá skoðun sína m.a. á rangri hugmynd um að hér væri um fornan sið að ræða á Íslandi, en að öðru leyti kemur ýmis rökleysa fram. Í umræðum á Alþingi féllu m.a. eftirfarandi ummæli: *E.G.*: „Má barn ekki bera þrjú eiginnöfn? Það er kannski ekki algengt en það hefur ávinlega verið til hér á landi að ég hygg. Og hvað er það, sem í rauninni mælir gegn því ef menn svo kjósa?"; *G.H.H.*: „Af hverju á það að vera bundið í lög, að menn eigi bara að heita einu eða tveimur eiginnöfnum? Ég þekki ýmsa góða Íslendinga, sem heita þremur nöfnum, og það hefur hvorki orðið þeim til ama eða leiðinda. Þeir eru ekki lakari borgarar en aðrir hér á landi. Það er að vísu þannig, að í þessum undarlegu lögum frá 1925 um mannanöfn segir, að menn megi aðeins heita einu eða tveimur nöfnum. Það ákvæði hefur auðvitað verið brotið eins og allt annað í þeim undarlegu lögum. En það er engu líkara en að menn setji inn svona ákvæði um að banna mönnum að heita þremur nöfnum bara til að geta bannað eitthvað í þessu efnum. Ef ekki er hægt að finna eitthvað til þess að banna, þá er sjálfsagt að banna það, að menn heiti þremur nöfnum. Þetta er atriði, sem engin haldþær skýring hefur komið á. Kannski er hún til, kannski er það eitthvað á vegum Þjóðskrár eða Hagstofu eða eitthvað sem gerir það að verkum, að óþjált er að hafa þrjú nöfn inni í kerfinu. Ég veit ekkert um það, en það er engin skýring á þessu, hvorki í greinargerð né í framsögu ráðherra"; *S.J.S.*: „Ef ég hef skilið efni þessarar brtt. rétt, þá rýmkar hún rétt foreldra og barna til þess að bera fleiri nöfn en frv. gerir ráð fyrir. Ég er fullkomlega ómóttækilegur fyrir rökum af því tagi, að tölur eigi að fara að ráðskast með hefðir í nafngift hjá Íslendingum og ansa ekki slíku. Sjálfur heiti ég eftir þremur mönnum, afa mínum og tveimur afabráðrum, en svo haganlega tókst til, að unnt var að koma tveimur nöfnum saman í eitt . . . Ég tel, að ef menn hefðu ekki verið svona hugkvæmir að koma þessu saman, þá hefði sá réttur verið af mér tekinn að bera nöfn þessara þriggja heiðursmanna. Ég segi því já af því að það felst framför í brtt., en helst hefði ég viljað hafa þetta ótakmarkað.“

stendur á, verður að túlka lagaákvæðin eftir *orðanna hljóðan* og verður ákvæðið eigi skilið á annan veg en þann, að gefnir séu *tveir kostir* í þessu efni, þ.e. að *annað hvort* verði nafnið að vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli (og sé það hefðað þarf það þá ekki að vera íslenskt í hinni fyrrgreindu merkingu). Þarna er, með öðrum orðum, verið að tala um hefðhelgun erlendra *tökunafna*, sem hafa unnið sér einhvern sess hér á landi í tímann rás. Nefndinni, er við tók á miðju sumri 1993, var vissulega mikill vandi á höndum, er við henni blasti það verkefni að setja sér nákvæmar túlkunar- og viðmiðunarreglur um framkvæmd þessara grundvallaratriða, sem reynir á í flestum úrskurðum hennar. Hefur nefndin samið eftirfarandi vinnulagsreglur, er samþykktar voru á fundum nefndarinnar 17. ágúst og 12. október 1993, sem nú er farið eftir – og verður væntanlega framvegis að óbreyttum lögum – og hafa þær verið kynntar almenningi:

1. Nafn er íslenskt í skilningi 2. gr. laga nr. 37/1991 ef allir liðir þess eru af norrænum toga og hafa íslenska mynd (sem er merkingarbær eða á sér hefð í íslenskum nöfnum). Ungt tökunafn getur þó aldrei talist vera íslenskt nafn.
2. Ung tökunöfn eru þau tökunöfn, sem hafa komið inn í íslenskt mál eftir 1703. Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju af eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Það er nú borið af a.m.k. 20 Íslendingum
 - b. Það er nú borið af 15-19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri
 - c. Það er nú borið af 10-14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri
 - d. Það er nú borið af 5-9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr)
 - e. Það er nú borið af 1-4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr)
 - f. Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað eftir 1910.
3. Hefð ungs tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntalinu 1910 né síðar.
4. Svokölluð gælunöfn teljast ekki vera „íslensk nöfn“ í skilningi 2. gr. laga nr. 37/1993. Um þau gildir því hið sama og ung tökunöfn að þau teljast því aðeins heimil að þau hafi unnið sér hefð.
5. Gömul tökunöfn eru þau tökunöfn, sem hafa komið inn í íslenskt mál fyrir 1703 eða fyrr. Hefð gamals tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntölunum 1845 og 1910 né síðar. Hefð tökunafna, sem hafa unnið sér menningarhelgi, rofnar þó ekki. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnum íslenskum fornritum í nafnmynd, sem ekki brýtur í bág við íslenskt málkerfi.

Af 5. lið reglnanna – sem hvað erfiðast var fyrir nefndina að móta og sem kann einnig að verða umdeildur – leiðir m.a., að tökunafn telst hafa unnið sér menningarhelgi hér á landi og þar með öðlast hefð í skilningi laganna, *án tillits til fjölda nafnbera fyrr og síðar*, komi það fyrir í alkunnum

íslenskum fornritum, í nafn m.a. til ýmissa keltneskra hafa tíðkast hérlendis þótt Sé vafi um það, hvort menningarhelgi, má vafa kunnur íslensku örnefni eru um í íslensku máli fringarhelgi nema fyrrnefnt vætta, sem koma fyrir í helst Gylfaginningu, ef ekki í þrengsta skilning tengslum sínum við þau kunna hins vegar að hafa um, sem fyrr hefur verið

Að öðru leyti verður lögin eru nú orðuð, hafa andstæð ákvæðum eldri nöfn“) sé að ræða, sjá síð

Nefndin beitir þessur um algengasta skilningi (mismunur ritmynda nafnmyndir).

Vinnulagsreglur þær þess, að nú neyðist nefn unum, þótt með því sé síðara eiginnafn með „ (eða jafnvel af báðum k laga um mannanöfn.

Þá leiðir einnig af n sem samræmast þeim. nafnaforða okkar, og þ tungu. Er að sjálfsögðu strangleika og ekki kær síðari endurskoðun mar

Í 2. málslið 1. mgr íslenskt málkerfi“, en fr unum og algild skýringast á vettvangi málvitað verði að gefa þá sem greinargerðin málkerfi“ felist, er kerfi eða beygingu langt sem nær.

íslenskum fornritum, í nafnmynd, er fellur vel að íslensku máli. Tekur þetta m.a. til ýmissa keltneskra nafna, sem mörgum hafa verið vel kunnug en lítt hafa tíðkast hérlendis þótt fornritin birti okkur þau oft í „íslenskum búningi.“ Sé vafi um það, hvort mannsnafn fullnægi fyrrgreindum skilyrðum um menningarhelgi, má vafalaust hafa hliðsjón af því m.a., hvort það tengist kunnu íslensku örnefni eða örnefnum. Gömul tökunöfn, þ.e. nöfn, sem dæmi eru um í íslensku máli frá því fyrir 1703, teljast ekki hafa unnið sér menningarhelgi nema fyrrnefndu skilyrði sé fullnægt. Nöfn manna, guða eða vætta, sem koma fyrir í Biblíunni eða öðrum trúarritum en norrænum (þ.e. helst Gylfaginningu, ef unnt er að kalla hana trúarrit, sem hún er reyndar ekki í þrengsta skilningi), teljast ekki hafa unnið sér menningarhelgi af tengslum sínum við þau rit eða trúarbrögð, sem á þeim byggjast, en þau kunna hins vegar að hafa unnið sér almenna hefð hér á landi eftir þeim reglum, sem fyrr hefur verið lýst.

Að öðru leyti verður einnig að benda á, að ungt tökunafn getur, eins og löggin eru nú orðuð, hafa unnið sér hefð þótt notkun þess hafi í reynd verið andstæð ákvæðum eldri laga um mannanöfn, nema um hrein ónefni („amanöfn“) sé að ræða, sjá síðar.

Nefndin beitir þessum vinnulagsreglum sínum eigi aðeins um *nöfn* í hinum algengasta skilningi heldur einnig um *nafnmyndir* og *ritmyndir* nafna (mismunur ritmynda nafns heyrir ekki í mæltu máli en svo er hins vegar um nafnmyndir).

Vinnulagsreglur þær, sem hér hefur verið greint frá, geta m.a. leitt til þess, að nú neyðist nefndin til að hafna nafni, sem ekki fær samræmst reglunum, þótt með því sé rofin hefð um nafngjöf í systkinahópi, t.d. varðandi síðara eiginnafn með „keim“ af ættarnafni, sem öll eldri systkini sama kyns (eða jafnvel af báðum kynjum) hafa hlotið við skír fyrir tilkomu núgildandi laga um mannanöfn.

Þá leiðir einnig af núgildandi lögum – og fyrrnefndum vinnulagsreglum, sem samræmast þeim, að í reynd er girt fyrir upptöku nýrra tökunafna í nafnaforða okkar, og það eins þótt þess háttar nöfn séu aðlöguð íslenskri tungu. Er að sjálfsögðu álitamál, hvort það kunni ekki að fela í sér of mikinn strangleika og ekki kæmi mér á óvart að hér yrði eitthvað slakað á klónni við síðari endurskoðun mannanafnalöggjafarinnar.

Í 2. málslíð 1. mgr. 2. gr. segir, að nafn megi ekki brjóta í bág við „íslenskt málkerfi“, en frekari skýringu á því hugtaki gefur eigi að finna í lögnum og algild skýringarhefð þess, sem styðjast megi við, hefur ekki myndast á vettvangi málvísinda. Er þetta orðalag því ekki vel heppilegt þótt auðvitað verði að gefa því nothæfa merkingu við framkvæmd laganna. Hið eina, sem greinargerðin með frumvarpi til laganna segir um það, hvað í „íslensku málkerfi“ felist, er að þar er, sem í dæmaskyni, getið um „orðmyndun, hljóðkerfi eða beygingu“ og má það reyndar vera til nokkurrar leiðbeiningar svo langt sem nær.

3. málsliður 1. mgr. 2. gr. kveður á um, að eiginnafrn megi ekki vera þannig, að það „geti orðið nafnbera til ama.“ Sannast sagna getur orðið mjög vandasamt að beita þessu ákvæði sökum þess hversu víðtækt og teygjanlegt það er. Það nafn, sem er einum til ama, þarf eigi að vera þyrmir í augum ýmissa annarra, og er raunar ógerlegt að forma neina nákvæma og viðhlítandi viðmiðunareglu um mat á þessu úrlausnarefni, sem getur blasað við mannanafnanefnd. Að sjálfsögðu verður nefndin að notast við þá viðmiðun, sem hún telur fara næst *almennum* smekk alls þorra manna, en vitanlega er jafnframt ógermingur í reynd að staðreyna hann og verða því nefndarmenn að fara eftir *eigin* smekk og dómgreind í þessu efni – og verður eigi betur séð en að löggjafinn hafi treyst þeim til þess! Hafa verður hugfast, að smekkur manna og tilfinning í þessu efni getur hæglega breyst á tiltölulega skömmum tíma og mætti benda á ýmis skýr og sennileg dæmi um það. Í greinargerð með ákvæðinu er tekið fram, að með því sé reynt að „hindra óæskilegar nafngjafir“ og síðan sagt, að með óæskilegum nöfnum sé m.a. átt við klaufaleg nöfn, sem auðvelt sé að afbaka og snúa út úr og ýmis heiti, sem kunni að hafa verið notuð sem nöfn áður fyrr en hafi öðlast nýja og neikvæða merkingu í nútímamáli. Þá sé enn fremur átt við gælunöfn, en nokkuð hafi borið á því, að fólk hafi viljað nefna börn gælunafni náins skyldmennis eða vinar. Sem dæmi um gælunöfn, er menn hafi borið sem eiginöfn, eru nefnd Gunna, Tóta, Laugi og Gaui. Segir í greinargerðinni, að þótt slík nafngjöf kunni að vera skiljanleg og beri vott um góðan hug til þeirra, sem nefnt sé eftir, verði hún að teljast óæskileg og ýmis dæmi séu um að menn hafi liðið fyrir slík nöfn eftir að þeir hafi náð fullorðinsaldri. Felst vissulega nokkur leiðbeining í þessum ummælum greinargerðarinnar, einkum varðandi gælunöfnin, sem ljóst er að mannanafnanefnd myndi að jafnaði alls ekki leyfa sem eiginöfn nema þá að þau hafi unnið sér traustan sess sem fullgild mannanöfn í nafnaforða þjóðarinnar. Svo sem áður hefur verið greint frá, „festi“ mannanafnanefnd þann skilning í vinnulagsreglum sínum, að gælunöfn teljist ekki vera „íslensk“ nöfn í merkingu 1. mgr. 2. gr. og séu þau því ekki tæk sem mannanöfn nema þau hafi unnið sér hefð eftir sömu reglu og ung tökunöfn. Er því ljóst, að mjög er nú þrengt að notkun gælunafna sem eiginnafrna! Hvað varðar ummæli greinargerðarinnar um „afbökun“ nafna og „útrúsnúning“ verður m.a. að hafa hugfast, að vantanlega má afbaka flest mannanöfn, sé vilji til, og snúa út úr þeim með ýmsu móti, ef nægri hugkvæmni (eða illgimi) er beitt.²⁰ Þegar alls er gætt má telja víst, að mannanafnanefnd muni beita „amaákvæði“ laganna af mjög mikilli hófsemd og varkámi.

20 Sem dæmi mætti nefna hið ágæta karlmannsnafn *Arnljótur*. Þar er megináhersla á fyrri nafnliðnum. Styttri mynd nafnsins (eins konar „gælunafn“) getur hæglega verið *Ljótur*, sem fyrrum var reyndar fullvirðulegt nafn og er nú á mannanafnaskrá, en hugsanlegt er að einhverju barni kynni að vera ami að því nafni og ýmsum útrúsnúningum, sem fylgt gætu. Talið er, að frummerking nafnsins *Ljótur* sé: „hinn bjarti“, sem hætt er við að fáir viti um nú á dögum.

2. mgr. 2. gr. lagir nafn né dreng kvenvantanlega brjóta í tó beranum „til ama“, eins og segir í grein: „þar sem dæmi eru til.“ Við fyrstu sýn v gjöfum, vera auðskilnánari skoðun. Þá bætíð ráðið ferðinni mannsnöfn, sem ha kunnugt og allalgerjafnvel *Skúta*, sem stúlka hafi verið skborið af nokkrum mannsnafn, e.t.v. skáldsögunni Breklíta, að þess þekktja eðli sínu eru ekki karli eða konu, ef ferði nafnberans. Í seinni eiginöfn og enda á *-dal* eða *-beinu* orðalagi síngungis eru nefnd hefur mannanafnareglu laganna um eigi verið leyfð. rýmist a.m.k. vel frá því í júnímánu

Um árabíl hefur það arnar *-fjörð*, *-dal*, *-hulandslags*sheitum og að sem annað eða þriðjefremur ættarnöfn. E mannsnafn. – 2. mgr greina skýrt á milli innöfn í skilningi ne

21 Þótt smekkur N dirfðist mannanafn það einnig borið af eanlega ekki heimla

2. mgr. 2. gr. laganna kveður á um, að eigi megi gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn. Nafngjöf í blóra við þetta ákvæði myndi væntanlega brjóta í bág við „Íslenskt málkerfi“ og auk þess geta orðið nafnberanum „til ama“, en rétt hefur samt þótt að setja ákvæðið „til öryggis“, eins og segir í greinargerð, „og raunar ekki að ástæðulausu“, segir jafnframt, „þar sem dæmi eru um að fólk hafi ekki alls kostar gætt þessa við nafngjafir.“ Við fyrstu sýn virðist þetta ákvæði, sem stefnt er gegn „kynvillu“ í nafngjöfum, vera auðskilið og klárt í framkvæmd, en að ýmsu er þó að gæta við nánari skoðun. Þá ber m.a. að hafa í huga, að kyn nafnanna sjálfra getur ekki ætíð ráðið ferðinni í þessu efni, því að vissulega þekkjast dæmi um karlmannsnöfn, sem hafa í rauninni kvenkynsmynd, sbr. *Sturla*, sem er gamalkunnugt og allalgengt karlmannsnafn og engum dettur í hug að amast við, og jafnvel *Skúta*, sem er að vísu sárasjaldgæft. Þá eru einnig dæmi þess, að stúlka hafi verið skírð *Blær*, sem að málsmekk flestra er karlkynsorð (enda borið af nokkrum körlum), en sem ýmsum mun þykja „blæfagurt“ kvenmannsnafn, e.t.v. fyrir áhrif frá samnefndri sögupersónu, fagurri stúlku, í skáldsögunni Brekkukotsannál eftir Halldór Laxness.²¹ Þá er og á það að líta, að þess þekkjast fjölmörg dæmi, að börn hafi verið skírð nöfnum, sem í eðli sínu eru *ekki kynbundin*, þ.e. geta hvort heldur sem er verið borin af karli eða konu, ef leyfð væru, án þess að ráðið verði af nafninu einu um kynferði nafnberans. Einkum er hér um að ræða nöfn, er notuð hafa verið sem seinni eiginnöfn og hafa yfir sér nokkurt svipmót ættarnafna, sbr. t.d. nöfn er enda á *-dal* eða *-fjörð*. Ákvæði það, sem hér um ræðir, tekur samkvæmt beinu orðalagi sínu, ekki með alveg ótvíræðum hætti til þessara nafna (einingis eru nefnd „karlmannsnöfn“ og „kvenmannsnöfn“), en eigi að síður hefur mannanafnanefnd talið réttlæt看legt að beita hér fyrrnefndri grunnreglu laganna um hreina „kynskiptingu“ um þessi nöfn, þannig að þau hafa eigi verið leyfð. Verður ekki annað séð en að sú afstaða nefndarinnar samrýmist a.m.k. vel „anda“ laganna. Í rökstuðningi með úrskurði nefndarinnar frá því í júnímánuði 1993 segir um þetta:

Um árábil hefur það tíðkast, að bæði drengjum og stúlkum séu gefin eiginnöfn, er hafa endingarnar *-fjörð*, *-dal*, *-holt*, *-hólm*, *-land* og *-nes* og hugsanlega enn fleiri, sem líta að staðar- og landslagsheitum og algengar eru í örnefnum. Nánast undantekningarlaust eru nöfn þessi notuð sem annað eða þriðja nafn. Slík nöfn eru oft kölluð „millinöfn.“ Mörg þessara nafna eru enn fremur ættarnöfn. Ekki verður af þeim ráðið hvort um er að ræða karlmannsnafn eða kvenmannsnafn. – 2. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1991 um mannanöfn gerir ráð fyrir því, að unnt sé að greina skýrt á milli karl- og kvenmannsnafna. Ofangreind nöfn geta því ekki talist íslensk eiginnöfn í skilningi nefndra laga.

21 Þótt smekkur Nóbelskáldsins vegi vissulega þungt á metum hjá þjóðhollum Íslendingum, dírðist mannanafnanefnd engu að síður að heimila nafnið *Blær* sem *karlmannsnafn* (þótt nú sé það einnig borið af einni stúllu) og er það á mannanafnaskrá. Af því leiðir, að nafnið yrði væntanlega ekki heimilað jafnframt sem kvenmannsnafn, ef eftir væri leitað.

Í 3. mgr. 2. gr. segir, að óheimilt sé að gefa barni *ættarnafn sem eiginafn nema hefð sé fyrir því nafni*. Í greinargerð segir, að nokkur brögð hafi verið að þessu og þyki rétt að taka fyrir það; margt komi hér til en einkum þó að ætla megi, að nafn af þessu tagi verði naumast eðlilegt eiginnaframt, en auk þess geti falist í þessu hætta á ruglingi jafnframt því sem með slíku kynni að vera gengið á rétt þeirra sem bera ættarnöfn. Þessi rökstuðningur greinargerðarinnar er í sjálfu sér fullskýr, það sem hann nær, en örðugt getur þó orðið að ákvarða hverju sinni hvort nafn, sem telst að vísu vera ættarnafn, hafi einnig áunnið sér hefð sem eiginnaframt, en hvorki lögin né greinargerðin veita neina leiðbeiningu í því efni. Hvað sem öðru líður er því vart treystandi að gera þurfi alveg sömu kröfur í þessu sambandi og um „hefð“ í merkingu 1. mgr. 2. gr. (enda önnur dæmi þess að sama hugtak sé eigi notað í sömu merkingu á tveim stöðum í lögum þessum), þótt líklegt sé að svipaðri eða jafnvel sömu viðmiðun verði beitt. Sannleikurinn er og sá, að allmörg ættarnöfn eru í rauninni ekkert annað en gömul og gegn eiginöfn, sem unnendur ættarnafna hafa einhvern tíma tekið traustataki, sbr. nafnið *Pór*, sem einkar skýrt dæmi, en einnig mætti nefna *Hagalín*, þótt það nafn sé fátíðara. Þessi karlmannsnöfn eru að sjálfsögðu góð og gild eiginöfn enn sem fyrr. Hér kemur einnig „menningarhefðin“ til skjalanna, sbr. t.d. nafnið *Kalman*, sem nýlega hefur verið heimilað sem eiginnaframt, þótt þekkt hafi sem ættarnafn. Telja verður, að hefð geti unnist á eiginnaframt, sem einnig hefur verið notað sem ættarnafn, þótt hún hafi komið til *eftir* að nafnið komst í notkun sem ættarnafn. Í þessu sambandi ber jafnframt að hafa hugfast, að væntanlega verður að líta svo á, að einu gildi í þessu efni hvort um „löglegt“ eða „ólöglegt“ ættarnafn er að ræða – sbr. þá meginstefnu á því sviði, sem fram kemur í 2. mgr. 9. gr. laganna – verði á annað borð talið að umbeðið eiginnaframt verði að víkja fyrir því. Má vissulega ihuga, hvort sú niðurstaða geti kallast sanngjörn, þótt hana leiði af lögnum.

1. mgr. 4. gr. vekur til umhugsunar um það, hvort ekki væri rétt að ákveðið yrði, við endurskoðun laganna, að nafngjöf verði *ætt* borgaraleg athöfn – þ.e. að forsjármenn barns tilkynni hana alltaf sjálfir til Þjóðskrár, en að prestar og forstöðumenn trúfélaga annist einvörðungu um hina trúarlegu hlið málsins. Er ekki óeðlilegt að hefð sé nokkur hliðsjón af reynslunni: Ljóst er a.m.k., að því fer fjarri að *allir* prestar virði það ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna að sé nafn, sem skíra á, ekki á mannanafnaskrá, skuli ekki gefa það að svo stöddu heldur bera málið undir mannanafnanefnd. Ýmsir prestar skíra, enn sem löngum fyrr, þeim nöfnum, sem um er beðið, eins þótt alls ekki sé tryggt að þau fáið skráð – og einstaka sinnum jafnvel þótt þeir hljóti að mega reikna með því að nafnleyfi muni alls ekki fást eða jafnvel eftir að nafninu hefur þegar verið formlega hafnað. Þetta athæfi er lögbrot, sem viðurlög liggja við, og má virðast að ýmsir hafi verið kærðir og sektaðir fyrir minni sakir! Hingað til hafa prestar þó aldrei verið kærðir af þessum ástæð-

um, en mjög ker ráðuneyti láti reyn vörum.

Í 3. mgr. 7. gr. *ingu* „ef telja ver loðið og hefði lö Mun framkvæmd hafi verið leyft að sem óvíst er hvor um, að nafn þyrft yrði leyfð, var b laga. Þá sýnist ek til *viðbótar* nafni það í upphafi, og ingar, sbr. 4. mgr að mannanafnan herra.

Í 8. gr. laganna og barna þess, hv leysi úr því hver foreldra verið sk þess fær ekki sa skal síðar skráð reglur íslensks la ar voru teknar í barn íslenskra f erlendu nafni, er skrá enda fullna Segir í úrskurði

Með vísun til vís sig ekki hafa lö sem nafngiftin f barns haft fasta forráðamaður eða

Í kjölfar þess bandi skal minn ilað að gera s mannanafnala segir og, að mörkin milli urlandapjóða sett.

um, en mjög kemur til greina, að mínu mati, að Dóms- og kirkjumálaráðuneyti láti reyna á þetta fyrir en síðar – þó að undangenginni almennti viðvörðun.

Í 3. mgr. 7. gr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að leyfa *nafnbreytingu* „ef telja verður að gildar ástæður mæli með því.“ Þetta orðalag er of loðið og hefði löggjafinn þurft að gefa nánari leiðbeiningu og viðmiðun. Mun framkvæmd í þessu efni vera nokkuð á reiki og dæmi eru um, að fólki hafi verið leyft að leggja niður fullgild íslensk nöfn og taka önnur í staðinn, sem óvíst er hvort betri séu eftir almennum mælikvarða. Skilyrði eldri laga um, að nafn þyrfti að vera „þjóðlegt eða klaufalegt“ til þess að nafnbreyting yrði leyfð, var bæði skýrara og eðlilegra en leiðir af orðalagi núgildandi laga. Þá sýnist ekki vera næg ástæða til þess að leyfa að nýtt nafn verði tekið til *viðbótar* nafni, sem fyrir er, hafi mönnum ekki hugkvæmst að gefa barni það í upphafi, og sama er um leyfi til töku nýs eiginnafráfnis í kjölfar ættleiðingar, sbr. 4. mgr. 7. gr. Þess hefur áður verið getið, að réttara kunni að vera að mannanafnanefnd fari með úrskurðarvald á þessu sviði heldur en ráðherra.

Í 8. gr. laganna er fjallað um réttarstöðu fólks, sem hefur erlent ríkisfang, og barna þess, hvað varðar eiginnöfn. Hins vegar vantar í lögin ákvæði, sem leysi úr því hver staðan sé gagnvart íslenskum yfirvöldum hafi barn íslenskra foreldra verið skírt eða nefnt erlendis (að réttum lögum þess lands), en nafn þess fær ekki samrýmst ákvæðum íslensku mannanafnalaganna, þegar það skal síðar skráð hér á landi. Hér reynir hins vegar á ólögfestar grundvallarreglur íslensks *lagaskilaréttar* (alþjóðlegs einkamálaréttar), sem til meðferðar voru teknar í úrskurði nefndarinnar frá því í janúarmánuði 1994. Þar hafði barn íslenskra foreldra, er bjuggu erlendis um nokkurt árabíl, verið skírt erlendu nafni, en eftir heimkomu þeirra fékkst þetta nafn ekki skráð á Þjóðskrá enda fullnægir það ekki skilyrðum mannanafnalaga um hefðhelgun. Segir í úrskurði nefndarinnar, réttilega:

Með vísun til viðurkenndra grundvallarreglna íslensks lagaskilaréttar telur nefndin sig ekki hafa lögsögu né úrskurðarvald um nöfn, sem gefin eru erlendis, svo fremi sem nafngiftin fari að þarlandum lögum, enda hafi forráðamaður eða forráðamenn barns haft fasta búsetu erlendis er nafngjöf fór fram. Þetta á þó ekki við nema forráðamaður eða forráðamenn barns hafi jafnframt flutt lögheimili sitt frá Íslandi.

Í kjölfar þessa úrskurðar var nafnið síðan fært á Þjóðskrá. Í þessu sambandi skal minnt á ákvæðið í 24. gr. laganna, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að gera samninga við önnur ríki um mörkin milli íslenskrar og erlendrar mannanafnalöggjafar, en slíkum samningum er enn ekki fyrir að fara. Þar segir og, að dómsmálaráðherra sé heimilt að kveða á með reglugerð um mörkin milli íslenskrar löggjafar um mannanöfn og löggjafar annarra Norðurlandþjóða á því sviði, en reglugerð af því tagi hefur hins vegar eigi verið sett.

Fyrir í þessari ritgerð hefur verið vikið að *ættarnöfnum* og ýmsum vandkvæðum, sem hafa tengst notkun þeirra hér á landi, auk óheimilla ættarnafna o.fl. Hefur þar margvísleg lögleysa verið látin viðgangast, ýmsum til ama og vandræða. Hér verður ekki fjallað nánar um það efni nema hvað ekki verður hjá því komist að benda á 2. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að íslenskir ríkisborgarar, sem samkvæmt Þjóðskrá beri ættarnöfn við gildistöku laganna, megi bera þau áfram og sama gildi um niðja þeirra, hvort heldur er í kærlegg eða kvenlegg. Ljóst er, að þetta á bæði við um „lögleg“ og „ólögleg“ ættarnöfn, hafi þau á annað borð verið á Þjóðskrá er lögin tóku gildi. Hæpið var, svo ekki sé meira sagt, að löghelga þannig lögleysuna, hvað snertir óheimilu ættarnöfnin, og auk þess er a.m.k. umdeilanlegt, hvort réttlætlanlegt var að vikka svo mjög, sem raun ber vitni, heimild til notkunar ættarnafna frá því sem áður var mælt um í lögum (m.a. *öllum niðjum* nú leyft að bera ættarnöfn). Er allsendis óvíst að löggjafinn hafi séð fyrir þá þróun, sem þetta getur leitt af sér, en samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Hagstofu (Þjóðskrár) gætir nú aukinnar notkunar ættarnafna frá því sem var fyrir nokkrum árum, og þá sérstaklega gegnum kvenlegginn.

Að sjálfsögðu hefur verið og er enn umdeilt, hvort réttlætlanlegt sé af siðferðislegum ástæðum að knýja erlenda menn, er fá íslenskt ríkisfang, til að taka upp íslenskt eiginnafn eða aðlaga nafn sitt íslenskri tungu að öðrum kosti, svo sem kveðið er á um í 15. gr. laganna. Hvað sem því líður skal hér bent á, að þar sem lögin tala um „íslenskt“ nafn, í 15. gr., getur ekki verið átt við hið sama hugtak og miðað er við í 1. mgr. 2. gr. laganna og fyrir hefur verið greint frá, heldur hlýtur einnig að vera átt við tókunafn, sem unnið hefur sér „hefð“ í málinu með þeim hætti, sem fyrir greinir.

Í 22. gr. laganna gefur að finna eina ákvæði þeirra, sem lýtur að hinni *einkaréttarlegu* hlið íslensks mannanafnaréttar. Þar segir, að geti maður fært sönnur að því, að annar maður noti nafn hans eða nafn, sem líkist því svo mjög að villu geti valdið, geti hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að láta af notkun nafnsins. Ákvæði af þessu tagi var eigi áður í lögum hér – hins vegar víða erlendis – en í raun réttir ber það ekki með sér neina nýlundu því að almennt var viðurkennt, að óskráðar réttarreglur leiddu til sömu niðurstöðu, sbr. m.a. hæstaréttardóma frá liðnum árum, sem gefa vísbendingu um það.²²

Ákvæðið er orðað á mjög almennan og víðtækan hátt og gefur því dómstólum nokkuð frjálssar hendur varðandi túlkun og beitingu þess hverju sinni.

²² Í þessu sambandi má einkum hafa hliðsjón af *Hrd.* 1971, 755 (vegna meintrar ólöglegar notkunar á ættarnafninu *Strandberg*).

5. Lokaorð

Hér hefur verið snerta mannanöfn um réttarþróun á

Ljóst er, að s. ist reyndar, að í frambúðar, með þessi ákvæði ma þær vinnulagsre

Því verður e verk og framkva þar ber þó af h *ættarnafna* (ley Verður því mið ef tekið er mið

Seint munu : eigi að leyfa æt fornum og fullg ararfleifðar okk anna. Mörg þau annarlegum ást lagður á. Íslens (eigi fleiri en tv okkar smáa sam hafa að sjálfsög þennan sérstak mönnum, en en beðið raunveru skipti við, hafi e Það voru löggj laganna nýju. a ber vitni (öll æt eða ekki – leyf markað, um al gætu gengið í og allri rökhug jafnréttisbarátt ætla að þetta fr mönnum, hlutf en þó verði sé ekki vera hlun

5. Lokaorð

Hér hefur verið dregið lauslega á fjölmörg atriði, er á einn eða annan hátt snerta mannanöfn og nafnasiði fyrir og síðar, auk þess sem nokkuð var fjallað um réttarþróun á þessu sviði sem og nógildandi réttarreglur.

Ljóst er, að seint mun verða útrýmt ágreiningi um *eiginnöfn* en mér virðist reyndar, að fylgja megi nógildandi lagaákvæðum um þau til nokkurrar frambúðar, með minni háttar breytingum. Sýnt er, hvað sem öðru líður, að þessi ákvæði mannanafnalaganna eru vel framkvæmanleg eftir að settar voru þær vinnulagsreglur, sem fyrir var lýst.

Því verður ekki neitað, að margt hefur farið miður en skyldi um regluverk og framkvæmd eftir að tekið var að setja hér löggjöf um mannanöfn, en þar ber þó af hversu miklum ruglingi, vandkvæðum og ágreiningi notkun *ættarnafna* (leyfðra sem óleyfðra) hefur valdið það sem af er þessari öld. Verður því miður eigi séð að „friður“ muni verða um það mál í framtíðinni, ef tekið er mið af ákvæðum mannanafnalaganna nýju þar að lútandi.

Seint munu allir verða á eitt sáttir um það, hvort eða í hve miklum mæli eigi að leyfa ættarnöfn, en svo mikið er víst að þau samræmast engan veginn fornnum og fullgildum nafnasiðum Íslendinga, sem teljast mega til menningararfleifðar okkar og skapa okkur skemmtilega sérstöðu í samfélagi þjóðanna. Mörg þau ættarnöfn, sem nú eru í notkun, eru upphaflega til komin af annarlegum ástæðum og að nauðsynjalausu, a.m.k. ef nútímamælikvarði er lagður á. Íslenski kenningarnafnasiðurinn gamli, ásamt góðum eiginnöfnum (eigi fleiri en tveimur á mann) dugar fullvel til þess að auðkenna þegnana í okkar smáa samfélagi og aðgreina þá frá samborgurunum. Ýmsir Íslendingar hafa að sjálfsögðu, fyrir og síðar, þurft að hafa nokkuð fyrir því að kynna þennan sérstaka og þjóðlega kenningarnafnasið okkar fyrir annarra þjóða mönnum, en engan landa minn veit ég sem hefur fært sönnur á, að hann hafi beðið raunverulegt tjón af þeim sökum að útlendingar, er hann hafði samskipti við, hafi eigi viljað viðurkenna siðinn eða kynna sér hann ef í boði var. Það voru löggjafarmistök er sú leið var valin, við lögfestingu mannanafnalaganna nýju, að víkka heimild til notkunar ættarnafna á þann veg sem raun ber vitni (öll ættarnöfn, sem þá voru í notkun – hvort sem áður voru leyfileg eða ekki – leyfð og heimild til notkunar þeirra gefin öllum niðjum, ótakmarkað, um aldur og ævi). Einkum var þó klaufalegt að leyfa að ættarnöfn gætu gengið í kvenlegg, að vild, en með því var gengið gegn öllum hefðum og allri rökhugsun í ættarnafnafræðum – og á ekkert skylt við raunverulega jafnréttisbaráttu milli kynjanna, sem haldið er uppi af fullu viti. Verður að ætla að þetta muni í reynd leiða til þess að með tímanum fjölgi mjög þeim mönnum, hlutfallslega, sem beri ættarnöfn (eða hafi a.m.k. heimild til þess), en þó verði sú þróun skipulagslítill. Af þessum sökum tel ég það fremur en ekki vera hlutverk löggjafans nú að stemma stigu við notkun ættarnafna, svo

sem framast er kostur, einkum með því að kveða á um það, við næstu endurskoðun mannanafnalaganna, að núverandi ættarnöfn skuli ekki ganga til þeirra niðja nafnberanna, sem fæðast eftir að hin endurskoðuðu ákvæði taka gildi. Heyrst hafa raddir um það, m.a. í hópi löglærðra manna, að lagafyrirmæli af því tagi kynnu að brjóta í bág við fjölpjódlega eða alþjóðlega mannréttindasáttmála, sem íslenska ríkið er aðili að, en ég leyfi mér að efast um að svo geti verið. Í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem íslenska ríkið hefur fullgilt, segir að vísu, að hver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu og heimilis, og má reyndar telja að þetta ákvæði geti, eftir atvikum, tekið til persónulegs nafnaréttar²³, en þó er a.m.k. enn margt á huldu um það hvernig ákvæðið kunni að verða túlkað með tilliti til mannanafna. Þá erum við einnig bundnir af Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar segir í 12. gr.: „No one shall be subjected to arbitrary interference with his privacy, family, home or correspondance nor to attacks on his honour or reputation. Everyone has the right to the protection of the Law against such interference or attacks.“ Ördugt er þó að skilja hvernig þetta gæti átt við um lagafyrirmæli, sem lýstu ófæddum einstaklingum óheimilt að nota ættarnöfn, og þess háttar lagaákvæðum yrði, hvað sem öðru líður, aldrei með réttu jafnað til „arbitrary interference.“ Fremur er þá til íhugunar, hvort ákvæði af þessu tagi í alþjóðasáttmálum kunni ekki að standa gegn lögheimilaðri þvingun fyrir erlenda menn, er sækjast hér eftir ríkisfesti, til að taka sér íslenskt eiginnafr. Þótt hér verði alls ekki fullyrt að svo yrði talið, ef á reyndi. Verður þá m.a. að hafa hugfast, að samkvæmt gildandi mannanafnalögum nægir nú, að hinn nýi ríkisborgari taki sér *eitt* slíkt nafn til viðbótar öðru nafni (eða nöfnum), er hann áður bar og sem hann má einnig halda framvegis.

Að sjálfsögðu hlýtur að verða þróun í íslenskum mannanafnarétti eins og á öðrum réttarsviðum og vitanlega verða löggin um mannanöfn endurskoðuð í framtíðinni og leitast við að samræma þau að einhverju leyti kröfum meirihluta þjóðfélagsþegnanna á komandi tímum. Er þó æskilegt að þær breytingar verði hægfara og umfram allt, að þær séu vel grundaðar. Þegar öllu er á botninn hvolft mun verða tekist á um tvær andstæðar meginstefnur á þessu sviði: Annars vegar íhaldssama stefnu, sem byggir á verndun tungunnar fyrir óæskilegum erlendum áhrifum (mannanöfnin eru umtalsverður hluti af nafnaforða þjóðarinnar), en hins vegar frjálslýndisstefnu, sem þolir helst engin höft á heimild manna til að velja börnum sínum nöfn að vild eða um þau kenningarnöfn, er menn kjósa. Að sjálfsögðu má færa, og hafa oft verið færð, mikil og þungvæg rök fyrir „hreitungustefnu“, sem óþarfi ætti að vera að endurtaka hér, en vissulega geta þó verið áhöld um hvort réttlætangelgt sé að beita lagaráðstöfunum í því augnamiði að hreinsa tunguna; annars konar aðferðir, svo sem áróður og kennsla, geta e.t.v. orðið árangursríkari.

²³ Sbr. t.d. *Meron, Human Rights in International Law* (Oxford 1984), bls. 148.

„Frjálshyggju
ings, að úr þv
vart verið við
anna. Líklegt
veg milli þes
að spá fyrir u

endur-
nga til
ði taka
gafyrir-
mann-
fast um
ka ríkið
ífs síns,
ir atvik-
aldu um
afna. Þá
inna, en
ice with
onour or
nst such
t við um
ttarnöfn,
éttu jafn-
kvæði af
eimilaðri
ka sér ís-
á reyndi.
ínalögum
star öðru
nvegis.
ti eins og
rskoðuð í
um meiri-
breyting-
öllu er á
ir á þessu
innar fyrir
r hluti af
polir helst
ld eða um
a oft verið
rfi ætti að
: réttlætan-
ina; annars
igursríkari.

„Frjálshyggjumennirnir“ geta líka vissulega bent á það, máli sínu til stuðnings, að úr því að foreldrum ungbarna sé trúað fyrir lífi þeirra og limum geti vart verið viðurhlutameira að treysta þeim jafnframt fyrir nafngiftum barnanna. Líklegt er, að í reynd muni löggjafinn reyna að þræða einhvern milli-veg milli þessara kenninga og skoðana, er nú voru nefndar, þótt varasamt sé að spá fyrir um fjarlæga framtíð á þessu áhugaverða mannlífssviði.

[1994]